

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Rússneska

Hið sjálfsprottna Orð

Rússneska framúrstefnan og Majakovskí

Ritgerð til BA í rússnesku

Erlendur Svavarsson

Kt: 010672-3769

Leiðbeinandi: Rebekka Práinsdóttir

Mái 2015

Samantekt

Í þessari ritgerð verður fjallað um hvernig þýðendur takast á við það verkefni að koma til skila hughrifum og merkingu orða sem skáld finna upp hjá sjálfum sér og eiga sér ekki stað í því venjubundna tungumáli sem þeir annars yrkja á.

Sérstaklega verður kannað hvernig tekist hefur verið á við þetta verkefni í íslenskum ljóðþýðingum á verkum rússneska fútúristans, Vladimír Majakovskí.

Til að gefa gleggri mynd af því samhengi sem þýðingarnar eru unnar í, verður stuttlega gerð grein fyrir þróun fútúristans sem afsprengi framúrstefnuhreyfingarinnar (fr. *avant-garde*) í upphafi 20. aldar með áherslu á Rússland og rússnesk skáld. Þá verður skáldskapur og höfundareinkenni Majakovskís könnuð enda þykir hann eitt af höfuðskáldum stefnunnar.

Tengsl rússneska fútúristans við íslenskar bókmenntir í upphafi 20. aldar verða reifuð stuttlega og skoðað hvort áhrifa hafi gætt, af hefðarrofi og nýyrðasmíð rússnesku fútúristanna, á íslenska ljóðagerð.

Loks verður gerð grein fyrir því með hvaða hætti þýðendur takast á við nýtt form ljóðlistarinnar og athugað með hvaða hætti sá nýi orðaforði sem fútúristarnir sköpuðu, kemst til skila í þýðingum, bæði í gegnum hið svokallaða *zaúm* (rús. *заумь*; *заумный язык*) eða yfirskilvitlegt mál og með annarri nýyrðasmíð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur: Framúrstefna og fútúrismi.....	4
2. Söguleg samantekt.....	6
3. Einkenni fútúrismans.....	9
3.1 Hópar fútúrista og útgáfa.....	10
3.2 Eldri menningu hafnað.....	11
3.3 Ný yrkisefni.....	12
3.4 Hið yfirskilvitlega mál - <i>zaúm</i>	12
4. Vladimír Majakovskí.....	16
4.1 Æviágrip.....	16
4.2 Samstarfsmenn.....	16
4.3 Yrkisefni og stíll.....	17
5. Fútúrisminn í íslensku samhengi.....	18
5.1 Einkenni fútúrismans og sérstaða Íslands.....	18
6. Ný-framúrstefnan og þýðingar.....	20
6.1 Hrynjandi.....	23
6.2 Hljómfall orða.....	25
6.3 Rím.....	27
6.4 Nýyrðasmíð og <i>zaúm</i>	28
6.5 Þýðingar nýyrða.....	30
7. Greining nýyrða í nokkrum ljóða Majakovskís.....	32
7.1 Nýgervingar í „Fullum hálsi“ á frummálinu.....	32
7.2 Nýgervingar í „Fullum hálsi“, þýddar af Árna Bergmann.....	35
7.3 Nýgervingar í „Nokkur orð um konuna mína“ og „150 000 000“ á frummálinu.....	39
7.4 Nýgervingar í „Nokkur orð um konuna mína“ og „150 000 000“ þýddar af Geir Kristjánssyni.....	40
8. Niðurstaða.....	41
Heimildaskrá.....	43
Viðauki 1.	48
Viðauki 2.	60

1. Inngangur: Framúrstefna og fútúrismi

Upphaf 20. aldar var tími breytinga. Tími byltinga. Tími nýrra atvinnuvega og stjórnskipunar víða um heim. Kaflaskil gamalla hefða og nýrra háttá. Úr þeim frjóa jarðvegi spratt framúrstefnan (fr. *avant-garde*) í bókmenntum og listum. Eysteinn Þorvaldsson telur að ástæða þess að framúrstefnan, sem hann kýs að kalla mórernisma, ryður sér til rúms nærri samtímis í öllum listgreinum á vesturlöndum eigi sér skýringu í pólitísku umróti og félagslegri réttindabaráttu þessa tímabils. Ný samfélagsviðhorf hafi orðið til og þau myndað mikilsverða þætti í hinna díalektísku samfélagsheild ekki síður en listnýjungarnar sjálfar (29). Listamennirnir eru þannig ekki nauðsynlega hvatinn að baki breytingunum heldur sé listin barómet á aðstæður í þjóðfélaginu. Þorsteinn Þorsteinsson tekur í sama streng og bendir á að „[s]káldum hefur oft verið líkt við jarðskjálftamæla, slíkt sé næmi þeirra að þau finni á sér það sem er í aðsigi en fæstir skynja. Og segja má að hin nýja ljóðlist og þau viðhorf í bókmenntum og listum sem um þetta leiti komu fram í Evrópu styrki þetta mat á skáldunum“ (9).

Deiglan ólgaði. Skáldin og listamennirnir kepptust við að þróa nýja list, hver eftir sínu höfði. Nýjar kenningar um hver væri tilgangur listar og listamanna spruttu upp. Mennt stofnuðu samtök um það sem þeir töldu hina einu réttu kenningu annan daginn, til þess eins að hafna bæði hugmyndinni og samtökunum hinn daginn. Sú mynd sem blasir við þegar straumar og stefnur í bókmenntum og listum fyrstu tveggja áratuga 20. aldarinnar eru skoðaðar er því býsna brotakennd. Benedikt Hjartarson kemst svo að orði: „Þegar brugðið er upp þéttri lýsingu af sögu hugtaksins *avant-garde* leysist hin línulega framvinda upp í óreiðukennda mynd sviptinga og fjölræðni“ („Af úrkynjun“ 95). Undir þetta tekur hollenski fræðimaðurinn Hubert van den Berg og segir jafnframt að til framúrstefnunnar megi telja margar undirstefnur eða *isma* í listum og menningu. Nægir þar að nefna expressjónisma, dadaisma, súrrealisma, konstrúktívisma og fútúrisma (52). Ekki hefur reynst auðvelt að skilgreina nákvæmlega hvaða listamenn tilheyra hvaða hópi. Listamennirnir sjálfir streitast hvort tveggja á móti skilgreiningunum og því að festir séu á þá slíkir merkimiðar. Þessar skilgreiningar hafi í raun verið fundnar upp *post festem* og þær því ekki notaðar af þeim listamönnum sem tengdust þessum hópum, heldur séu þeir auðkenndir með henni afturvirkkt (van den Berg 53). Því þarf ekki að koma á óvart þegar rússneski fútúristinn Majakovskí lýsir yfir að hann viti ekki hvað fútúristi sé: „Hvað er fútúristi? Ég veit það ekki. Ég hef

aldrei heyrt slíkra manna getið. Þeir hafa aldrei verið til“ („Einnig við viljum kjöt“ 208). Hins vegar taldi Majakovskí ekki taka því að karpa of mikið um slíkar skilgreiningar. Hann heldur áfram og segir: „Það voru blöðin sem nefndu okkur fútúrista. En það tekur því ekki að andskotast yfir því“ (209).

Þegar gera á grein fyrir fútúrismanum sem einum anga framúrstefnunnar er rétt að skoða hvað greinir þá stefnu frá öðrum stefnum *avant-garde* hreyfingarinnar. Eðlilegast er að skoða hreyfinguna á tímabilinu frá 1909 til 1925, þegar mestur kraftur var í listsköpun og útgáfu fútúristanna. Fimm atriði voru einkennandi fyrir hreyfinguna á þessu árabili. Fyrst má nefna einarða afstöðu gegn fyrri viðhorfum, siðum og venjum varðandi listir. Í annan stað, að fútúristarnir unnu í bandalögum eða hópum og í þriðja lagi að útgáfa þeirra var fjölbreytt (yfirlýsingar, ljóð, leikrit, kvikmyndir) og kraftmikil. Fjórða atriðið var róttækni í skoðunum, sem mótaði viðfangefni þeirra jafnt í riti sem og öðrum listum, líkt og málalalist og kvikmyndagerð. Í fimmta og síðasta lagi má svo nefna tilraunir með tungumálið þar sem búin voru til ný orð, ýmist út frá eldri orðaforða eða eins og andinn blés skáldunum í brjóst, algjörlega án tillits til viðtekinna lögmála tungumálsins. Í Rússlandi komu þessi stílbrögð skýrast fram í sköpun *zaím* (rús. *заумь*), hins yfirskilvitlega máls (Benedikt Hjartarson „Af goðkynngi orðsins“ 105-116).

Áhugavert er að kanna hvort og þá hvernig hægt er að þýða orð, sem ekki voru áður til í tungumáli skáldsins, á milli menningarheima og málsvæða. Slíkar vangaveltur urðu kveikjan að þessum ritgerðarskrifum. Til að nálgast efnið er sögulegur bakgrunnur og hugmyndaheimur fútúristanna kynntur stuttlega. Þá er skoðað hvort áhrifa framúrstefnunnar í Rússlandi hafi gætt á samtímaskáld á Íslandi, til þess að bregða upp mynd af ólíkum veruleika samtíðarmanna í löndunum tveimur. Í kjölfarið er gerð grein fyrir skoðunum fræðimanna, íslenskra sem erlendra, á því hvað teljast góð vinnubrögð við þýðingar og hvað beri að varast. Þá eru einkenni fútúrísks skáldskapar skoðuð og sérstaklega athugað hvernig stílbrögð þeirra og nýyrðasmíð móta skáldskapinn. Að lokum eru skoðuð dæmi um íslenskar þýðingar rússneska fútúrismanns og kannað hvaða aðferðum þýðendur hafa beitt við þær þýðingar. Sérstaklega eru könnuð ljóð Majakovskís „Fullum hálsi“, „150 000 000“ (brot) og „Nokkur orð um konuna mína“. Upprunalegir textar ljóðanna eru bornir saman við þýðingar Árna Bergmann og Geirs Kristjánssonar og rannsakað hvernig hvert einstakt rússneskt nýyrði, samkvæmt yfirlitsriti B.N. Valavín (rús. B.H. Валавин)

Словотворчество Маяковского: Опыт словаря окказионализмов, er þýtt á íslensku. Í viðauka eru upprunalegir textar ljóðanna og íslensk þýðing þeirra birt hlið við hlið.

2. Söguleg samantekt

Blómatími fútúrismans var skammur. Hápunkturinn var í raun aðeins þrjú ár 1912-1914. Van den Berg bendir á að „[...] öllu jöfnu er upphaf annaðhvort kúbismans eða fútúrismans talið marka – köllum það sagnritunarlegt – upphaf framúrstefnunnar“ (52). Þar af leiðandi er rétt að staldra við 20. febrúar 1909 en þann dag birtist í franska dagblaðinu *Figaro* yfirlýsingin „Stofnun og stefnuyfirlýsing fútúrismans“. Í henni var sett fram krafa um nýja nálgun við listir og orðræðu. Undir hana ritaði Ítalinn Filippo Tomasso Marinetti. Þessi stefnuyfirlýsing „[...] markar þannig með skýrum hætti upphaf „sögulegu framúrstefnunnar“, en eftir útgáfu hennar spretta upp ólíkar framúrstefnuhreyfingar víðsvegar um Evrópu“ (Benedikt Hjartarson, „Inngangur“ 13).

Rússneskir fútúristar héldu því ætíð fram að þeir hefðu verið brautryðjendur fútúrismans og stóðu fastir á þeirri skoðun að hlutur Marinettis hefði engu skipt: „[...] it was declared that seniority belonged to the Russians, because Khlebnikov began to publish futurist works in 1908, whereas Italian futurism did not become known in Russia until 1910“ (Markov 135). Þessi skoðun virðist þó ekki standast. Markov bendir á að í það minnsta eitt dagblað í Rússlandi birti frétt um yfirlýsingu Marinettis, frá 20. febrúar 1909 eigi síðar en 8. mars sama ár (135).

Sennilegast verður að telja að formlegt upphaf fútúrismans í Rússlandi megi rekja til ársins 1910 þegar meðlimir listahópsins Tígulgosans (rús. *Бубновый валет*) gáfu út safnrítið *Dómaragildruna* (rús. *Садок судьей*). Þannig greinir Markov frá því að Davíð Búrljúk og Vasilí Kamenskí hafi alltaf talið *Dómaragildruna* upphaf rússneska fútúrismans og minnst bókarinnar með hlýju og ákafa (25). Fútúristahreyfingunni í Rússlandi óx hratt ásmeginn og segja má að árin 1913 til 1914 hafi verið bestu ár stefnunnar bæði hvað varðaði vinsældir hennar og listsköpun. Markov gengur svo langt að segja: „The year 1913 was the *annus mirabilis* of Russian futurism“ (132).

Uppátæki, háreysti og dólgháttur fútúristanna féllu í frjóan jarðveg í Rússlandi. Byltingarandi sveif þar yfir vötnum og veður þjóðlífsins voru válynd. Fólk þyrsti í breytingar. „There was no doubt about the futurists‘ success in St. Peterburg and Moscow. Everyone talked about futurism in the fall of 1913 and the winter of 1913-14“ (Markov

138). Það var þó ekki aðeins í þessum borgum sem fútúristar gerðu strandhögg. Forvígismenn listahópsins Gíleja (rús. *Гилея*) sem nánar verður vikið að í kafla 3.1, ferðuðust vítt og breytt um Rússland og stóðu fyrir uppákomum, þar sem þeir lásu úr verkum sínum og reyndu eftir megni að hleypa eigin fundum upp með ólátum, rifrildi og dónaskap. Markov lýsir því hvernig lögreglan kom ítrekað í veg fyrir eða stöðvaði þessa viðburði (136-37). Ólætin voru þó ekki markmið í sjálfu sér heldur hugsuð til að vekja athygli og undirstrika að listamaðurinn væri engum háður. „Þessir menn vildu fyrst og fremst frjálsa nútímalist“ (Árni Bergmann 318).

Árið 1913 urðu meðlimir Gíleja hópsins þekktir sem „kúbó-fútúristar“. Ekki er ljóst hvaðan sú nafngift spratt. Fræðimenn telja að annað hvort hafi Gíleja menn sjálfir átt upptökin, til þess að aðgreina sig frá egó-fútúristum og ítölskum fútúristum eða að blaðamenn hafi fundið nafnið upp til þess að gefa í skyn tenginguna milli kúbisma í málalalist og hugmynda fútúristanna. Ekki voru þó allir meðlimir Gíleja hópsins sáttir við að vera kallaðir fútúristar, hvað þá kúbó-fútúristar. Þeirra á meðal var Benedikt Livshits sem vildi halda sig við Gíleja nafnið (Markov 117-18).

Síaukinn áhugi manna í Rússlandi á verkum fútúristanna olli því að áhrif rússnesku fútúristanna héldu áfram að vaxa og svo fór að forsprakki alþjóðlegu fútúrista-hreyfingarinnar, Marinetti, sótti Rússland heim. Sú heimsókn markaði vatnaskil fyrir hreyfinguna. Hápunktinum var náð: „The climax of the interest of the Russian reading public in futurism was reached when Filippo Tommaso Marinetti himself came to Russia in 1914“ (Markov 147). Svo vildi til að margir helstu forsprakkar fútúristanna voru ekki viðstaddir þegar Marinetti kom til Moskvu. Til dæmis voru Búrljúk og Majakovskí á faraldsfæti. Þeir komu þó á lokafyrirlestur Marinettis í Moskvu 13. febrúar og hleyptu öllu upp í loft „[...] created an incident during the discussion when Mayakovsky, wearing a red tuxedo, expressed his displeasure at the debate’s being conducted in French, which he called „a public muzzling of Russian futurists““ (Markov 152).

Í kjölfar hápunkta liggur leiðin niður á við. Þetta á einmitt við um heimsókn Marinettis. Brotalamir og sundurlyndi meðal rússneskra fútúrista komu berlega í ljós meðan á heimsókninni stóð og samstöðuleysið magnaðist áfram í kjölfar hennar.

Thus Marinetti's visit led to the beginning of a disintegration of Russian futurism in the movements finest hour and when interest in it was at its height. It was as if the guest clearly showed the Russian futurists not only how different they were from the Italian futurists but how they differed among themselves as well (Markov 157).

Þó að áhugi almennings hafi dvínað á næstu árum, voru skáldin ekki þögnuð. Árið 1914 komu út að minnsta kosti fjögur safnrit, þrjú tímarit og ópera, auk þess sem mörg skáldanna birtu einstök verk í dagblöðum (Markov 165-82). Næstu ár á eftir dró heldur úr útgáfunni og í kjölfar byltingarinnar urðu mikil umskipti í starfi fútúristanna. Á tímum stríðskommúnismans, 1918-1921 (Thompson 232) verður vart þeirra hneigðar bolsévikka að nota listina byltingunni til framdráttar og jafnframt að ritskoða bæði dagblöð og annað útgefið efni eins og Strovsky og Simons rekja í grein sinni „The Bolsheviks' Policy toward the Press in Russia: 1917-1920“. Þar segir: „[...] the task of journalism first of all was to defend revolutionary priorities, and the press freedom itself was a part of the ideology. The media opposing this idea were seen as opponents of the Bolsheviks' political interests“ (6-11). Sumir listamannanna fögnuðu byltingunni, líkt og Majakovskí sem hóf að teikna áróðursplaköt og semja slagorð, meðal annars til að hvetja almenning til að sjóða vatn. Margir listamenn höfðu áhyggjur af þessari þróun. Margir fluttu á brott, vestur á bóginn. Berlín og París voru vinsælir dvalarstaðir. Bethea og Frank lýsa því svo: „[...] writers of various aesthetic and political stripes – Andrey Bely, Victor Shklovsky, Marina Tsvetaeva, Boris Pasternak, Ilya Ehrenburg, Aleksei Tolstoi, Boris Zaitsev, Khodasevich, and Aleiksei Remizov – intermingled there in a spirit of ferment and intense intellectual life“ (198). Aðrið listamenn líkt og Akhmatova, Babel, Mandelstam og Pasternak kusu innri útleið (202-05).

Í mars árið 1921 var NEP stefnan (Nýja efnahagsstefnan, rús. *Новая экономическая политика*) lögð fram og samþykkt á 10. flokksþingi kommúnistaflokksins (Thompson 234). NEP var frjálslýndari en fyrri stefna bolsévikka hvað varðaði bæði markaðslegt og menningarlegt frelsi og meðan hún var við lýði tafði hún fyrir „[...] the 'top down' management of literature and the arts that would emerge in the early 1930s“ (Kahn 47). Sú tilslökun stóð þó aðeins í skamman tíma. Þegar árið 1925 breyttist afstaða yfirvalda gagnvart þeim rithöfundum sem þóttu ekki fylgja flokkslínunni nægjanlega vel. Í kjölfarið

misstu fúturistar fjárstuðning og þrengt var að útgáfu þeirra. Eftir að sósíalrealisminn var samþykktur sem opinber fagurfræði Sovétríkjanna á fyrsta Allsherjarþingi sovéskra rithöfunda árið 1934, fóru kraftar fútúristanna þverrandi (Árni Bergmann og Benedikt Hjartarson, Inngangur 180-81). Mörg þeirra helstu skáld voru þá látin, líkt og Majakovskí sem svipti sig lífi árið 1930, flúin úr landi eða tekin til við annars konar skáldskap. „Það hafði smám saman dregið úr þeim allan þrótt, svið þeirra var of þröngt, og að lokum verða þeir hálfgerður sértrúarflokkur“ (Árni Bergmann 329).

3. Einkenni fútúrismans

Framúrstefnan, sem rússneski fútúrisminn sprettur af, á sér nokkuð flókna sögu, sem einkennist mjög af sundurlyndi einstakra skálda og ágreiningi um tilgang og form listarinnar, sem að framan greinir. Forsögu rússnesku fútúristahreyfingarinnar má þannig rekja til hreyfingar symbolista sem kom fram um 1890, sem andóf við realisminum og gjörbreytti andrúmslofti rússneskra bókmennta. Þessi frjósama stefna fæddi af sér mörg af bestu skáldum árána um og eftir aldamótin 1900 sem í kjölfarið þróuðu list sína í ólíkar áttir. Upptalning þeirra listamanna yrði seint tæmandi. Rétt er þó að geta þeirra sem síðar höfðu mest áhrif á þróun fútúrismans. Þar má nefna Lívsjits, Khlebníkov, Gúró, Majakovskí, Krútsjenykh, Bobrov, Gontsjarovu, Laríonov og Búrljúk bræðurna þrjá, Davíð, Vladímír og Nikolái. Skáld þessa hóps áttu þó ekki alltaf samleið hvert með öðru og svo fór að vegna óeiningar og hugmyndafræðilegs gjaldþrots stefnunnar hvarf sýmbólisminn af sjónarsviðinu í kringum árið 1910 (Markov 2-10). Í kjölfarið má greina tiltekin einkenni á listsköpun sem greina fútúrismann frá öðrum stefnum móðernismans. Í því samhengi er rétt að geta hópamyndunar fútúristanna og kraftmikillar útgáfu þeirra og listastarfsemi. Þá var einörð afstaða fútúrista gegn hefðum og venjum við listsköpun ásamt áherslu þeirra á ný yrkisefni svo sem hraða, spennu, fíringu og vélvæðingu skýrt einkenni á höfundarverki þeirra. Fútúristarnir töldu meira að segja að hefðbundið tungumál, setningaskipan og málfræði væri ekki fullnægjandi til að tjá sýn þeirra á nýjan veruleik borgarmenningarinnar. Þeir fundu því upp geðþóttamál, hið yfirsíkilvitlega tungumál *zaiúm*. Þessi atriði verða nú skoðuð nánar, hvert fyrir sig.

3.1 Hópar fútúrista og útgáfa

Öllu ægði saman. Það er því ekki ofsagt hjá Árna Bergmann að „[r]ússneski fútúristinn var flókin stefna, sem sameinaði mörg ólík skáld er skipuðu sér í ýmsa ólíka hópa innan hans („Vladimír Majakovskí“ 317). Nokkrir framúrstefnu hópar höfðu þegar mikil áhrif árið 1907. Impressíónisminn var aðalstef félaga í Bláu rósinni (rús. *Голубая Роза*), sem fyrst og fremst var hópur málara og myndhöggvara. Bowlt telur þann hóp hafa talið 16 meðlimi þar sem þeir Kútsnetsov, Sapúnov, Saríjan og Súdeikín hafi verið fremstir í flokki (30). Hópurinn stækkaði ört og kaus í kjölfarið að kalla sig Stepanos (rús. *Степанос*). Til þess hóps mátti auk félaga Bláu rósarinnar telja Davíð og Vladímír Búrljúk, Ljúdmflu Búrljúk, Laríonov, Gontsjarovu, Lentúlov og Jakúlov. Hópamyndun hélt áfram og þróunin varð sú að árið 1910 var listahópurinn Tígulgosinn orðinn áhrifamestur innan meðal framúrstefnuhópanna. Meðlimir hans voru andsnúnir ítölsku fútúristunum og töldu þá fórna lögmálum málalistarinnar fyrir skáldskapinn. Veturinn 1910 tók Búrljúk þátt í fyrstu sýningu Tígulgosans sem varð í kjölfarið ráðandi afl í rússnesku listalífi til margra ára og telst áhrifamesti framúrstefnuhópur Rússlands (Markov 32-38).

Gontsjarova klauf sig þó fljótlega frá Tígulgosanum ásamt fleirum og stofnaði í kjölfarið nýjan hóp, sem var hallur undir kennisetningar ítölsku fútúristanna, Asnatagl (rús. *Ослиный хвост*, e. *Donkey's Tail*). „Donkey's Tail began to take shape before the open break of its members with members of the Jack of Diamonds group in January 1912 [...]“ (Markov 39). Umbrotunum var þó ekki lokið og í kjölfarið fylgdi stofnun enn annars hóps sömu skálda sem nefndur var Blómsveigur Stepanos (rús. *Венок Степанос*). Þessi þróun sífældra flokkadrátta átti eftir að halda stöðugt áfram allt fram til þess að fútúristinn leið undir lok.

Öll þessi umbrot gera bæði bókmenntafræðingum og sagnfræðingum erfitt fyrir með að setja tímamörk á hvaða skáld tilheyrðu hvaða hópi og hvaða stefnu.

Eins og fyrr greindi töldu ýmsir rússnesku fútúristanna sjálfir að *Dómaragildran* hafi verið fyrsta útgáfa fútúrista í Rússlandi. Maðurinn á bak við þá útgáfu var Davíð Búrljúk. Markov lýsir því svo: „Among the main participants in *Sadok sudei* was David Davidovich Burliuk (1882-1967), an artist and a poet. He was the man without whom there probably would have been no Russian futurism“ (9). Búrljúk var einnig prímus mótor í stofnun enn annars hóps listamanna, Gíleja hópsins. Nafnið var sótt til svæðisins Gíleja,

nærri Svartahafi, þar sem talið er að Herakles og afkomendur hans hafi búið. Þar bjó Búrljúk fjölskyldan vegna þess að fjölskylduafaðirinn, Davíð Búrljúk eldri, var umsjónarmaður Tsjerniánka óðalsins. Khlebníkov dvaldi þar sumarið 1911 og Benedikt Lívssjits var síðan gestur Búrljúk bræðranna þar, sumarið 1912. Afraksturinn var sá að Gíleja hópurinn ruddist fram á sjónarsviðið veturinn 1912 með útgáfu ritsins *Almennum smekk gefið á kjaftinn* (rús. *Пощёчина общественному вкусу*). Upphafsyfirlýsing ritsins, sem ber sama nafn, telst vera fyrsta og frægsta yfirlýsing hópsins (Markov 32-45). Greinileg þroskamerki urðu á höfundarverki fútúristanna þegar ritið *Almennum smekk gefið á kjaftinn* kom út. Skáldunum hafði fjölgað og verk þeirra voru orðin betri. Áður hafði borið við að í hverri útgáfu væru aðeins nokkur góð verk í bland við síðri skáldskap, til dæmis í *Dómaragildrunni*. Markov telur að nú beri nýrra við: „But unlike *Sadok sudei*, the quality of the material presented was consistently good“ (47). Tvennt má enn nefna sem gerir *Almennum smekk* áhugavert rit. Annars vegar sú staðreynd að Vasilí Kandinskí, sem Gombrich telur upphafsmann abstraktlistarinnar og markverðasta myndlistarmann Rússlands frá öndverðu (570) á þar verk. Hins vegar að þar kom fram í fyrsta sinn á prenti, skáld sem átti eftir að hafa mikil áhrif á þróun og framgang fútúristans, Vladímír Majakovskí.

Ekki er að fullu ljóst hverjir meðlima Gíleja-hópsins eiga með réttu að teljast höfundar *Almennum smekk* yfirlýsingarinnar. Markov telur verkið sennilega samið af Davíð Búrljúk, Krútsjenykh og Majakovskí í sameiningu í nóvember eða desember 1912, á Romanovka hótelinu í Moskvu, þar sem þeir vöndu komur sínar á kvöldin (45). Viktor Khlebníkov, sem skrifar undir skjalið, er því af Markov, ekki talinn meðal höfunda þess. Hvað sem þessu leið, óx Gíleja-hópnum mjög ásmeginn í kjölfar útgáfu ritanna *Almennum smekk gefið á kjaftinn* og *Dómaragildran II* í lok árs 1913 og telst leiðandi afl fútúristahreyfingarinnar eftir það.

3.2 Eldri menningu hafnað

Fútúristar bæði á Ítalíu og í Rússlandi höfðu með öllu gildi annarrar listar en þeirra eigin, með þeim rökum að til þess að lýsa hinu nýja þjóðfélagi og hinni nýju menningu borganna þyrfti nýja nálgun, nýtt tungumál og nýjan skilning á hinu mannlega. Benedikt Hjartarson telur að „[...] þróun þeirrar móðernísku fagurfræði sem leitaðist við að miðla hinni nýju

heimsmynd með því að rjúfa sig frá hefðinni hafa endað í þrá eftir fullkominni útþurrkun hennar. Með texta Marinetti hafi orðræða listarinnar því runnið saman við eyðingarmátt nútímans“ („Inngangur“ 12). Fornaldarmenning og aðrir eldri menningarstraumar voru fútúristum einskis virði: „[...] við viljum lækna Ítalíu af átumeini prófessora hennar, fornleifafræðinga, leiðsögumanna og fornminjasala“ (Marinetti, „Stofnun og stefnuyfirlýsing fútúrismanns“ 102). Í Rússlandi endurómaði þetta heróp í hinni frægu setningu Gíleja-hópsins úr yfirlýsingunni *Almennum smekk gefið á kjaftinn*: „Henda skal Púskín, Dostojevskij, Tolstoj o.fl. o.fl. fyrir borð af gufuskipi samtímans“ (Búrljúk et al. 183).

Rússneski fútúrisminn átti það samnefnt með hinum ítalska að í honum fólst fullkomið rof frá fyrri gildum í bókmenntum og listum. „Fútúristarnir afneituðu menningarverðmætum annarra algjörlega“ (Árni Bergmann, „Vladímír Majakovskí“ 318). Hið fíngerða, vannærða og niðurfalssjúka skáld og listamaður gullaldar rússneskra bókmennta hvarf af sjónarsviðinu. Í staðinn birtust ruddalegir menn sem lýstu yfir, kröfðust og heimtuðu. Fútúrisminn var „[...] stefna ósvífinna manna sem gera afdráttarlaust tilkall til að vera hinir einu sönnu túlkendur samtíðarinnar og spámenn framtíðarinnar“ (Árni Bergmann, „Vladímír Majakovskí“ 317).

3.3 Ný yrkisefni

Yrkisefni fútúristanna voru um sumt hin sömu og yrkisefni fyrri kynslóða, ástin („Ský í buxum“ rús. „Облако в штанах“, „Um þetta“ rús. „Про это“) og hlutverk manneskjunnar í sköpunarverkinu. Meira áberandi voru þó ný viðföng sem fram komu; stórborgin, verksmiðjan, hraði og fíring. Zdanevítsj lýsti því til að mynda yfir að amerískur skór væri betra listaverk en Venus frá Mílo (Markov 185). Árni Bergmann bendir á að „[l]jóð fútúristanna voru fullkomin andstæða hinna hljómfögru, fáguðu sýmbólísku ljóða“ („Vladímír Majakovskí“ 318). Kveðskapur fútúristanna var, við fyrstu sýn, ómstríður og grófur.

3.4 Hið yfirskilvitlega mál - *zaúm*

Með tilkomu *avant-garde* hreyfingarinnar breyttist efni og formgerð skáldskaparins. Hrynjandi, rím og myndgervingar urðu aðrar en áður. Þorsteinn Þorsteinsson bendir á að

hjá expressjónistum hafi ljóðið nálgast að vera það sem kalla mætti uppröðun án tenginga, sem leiðir hugann að nánnum skyldleik ljóðlistar og myndlistar á tímabilinu, hvað varðar afstöðu listamannanna til veruleikans (10). Stapanian fjallar um þetta samband ólíkra listforma í grein sinni „The Art of Maiakovsky and Malevich“, þar sem hún ber saman eitt ljóða Majakovskí og kúbó-fútúrísk málverk Malevítsj. Hennar niðurstaða er sú að ekki megi líta framhjá því að flestir fútúristarnir höfðu hlotið menntun sem listmálarar. Hún bendir enn fremur á að þýski expressjónisminn, kúbisminn og fútúrisminn tengist órofa böndum og að ljóð fútúristanna lúti hinum nýju lögmálum myndlistarinnar hvað varðar uppbyggingu (641-43). Hið gamla tungumál dugði fútúristum ekki til að tjá boðskap sinn. Líkt og Jónas Hallgrímsson á Íslandi, tæpri öld fyrr, þurftu fútúristarnir ný orð til að fanga nýjar hugmyndir, ný viðföng og nýjar tilfinningar. Í yfirlýsingunni „Nýjar leiðir orðsins“ kemst Krútsjenykh svo að orði:

Við staðhæfðum fyrstir manna að til að tjá hið nýja og það sem koma skal þurfi spáný orð og nýtt samband þeirra á milli [...] Því höfum við skekið af grunni málfræði og setningarfræði, við komumst að því að til að lýsa hinu svimandi lífi samtímans og enn hraðfleygari framtíð verðum við að skipa orðum saman á nýjan hátt og því meiri óreiðu sem við komum fyrir í setningum þeim mun betra (193).

Til að sleppa undan oki eldri skálda og fyrri hefða, bæði í kvæðum og prósa, fóru fútúristarnir þá leið að búa til sín eigin orð. Árni Bergmann segir að fútúristarnir hafi verið þeirrar skoðunar „[...] að orðasmíði væri ákjósanlegt vopn í baráttunni gegn yfirgangi dauðra manna í listum [...]“ („Vladimír Majakovskí“ 318).

Í janúar árið 1913 kom út bókin *Ilmsmyrslí* (rús. *Помада*), með myndum eftir Larionov og ljóðum eftir Krútsjenykh. Bókin er merkileg vegna þess að þar var sett fram í fyrsta sinn hið yfirskilvitlega mál, *zaúm*. Markov segir: „In short, here Kruchenykh introduced what later was to become known as *zaum*, the so-called transrational language [...]“ (44). Í bókinni birtist eitt frægast ljóð Krútsjenykh

Дыр бул щыл	dyr bul shchyl	Dír búl sjíl
убещур	ubeshshchur	úbesjkúr
скум	skum	skúm

вы со бы
р л эз

vy so bu
r l éz
(ensk þýðing
– Markov 44)

vi so bu
r l es
(íslensk þýðing
– Árni Bergmann
„Vladimír Majakovskí“ 318)

Klebnikov og Krútsjenykh segja sjálfir í yfirlýsingunni „Orðið sem slíkt“ (rús. „Слово как таковое“) sem út kom 1913, að þá flökri við einföldum stuðlum og rími sem endurtaki sig í sífellu: pa-pa-pa / pí pí pí / tí tí tí o.s.frv. Þá hika þeir ekki við að lýsa því yfir að í fimm línum „Dír búl sjíl“ (rús. „дыр бул щыл“) sé fólgið meira af rússneskri þjóðarsál en í öllum verkum Púskín (Хлебников).

Markov telur að Krútsjenykh hafi með þessu ljóði, strax í fyrstu útgáfu sinni, tekist að setja sitt eigið mark á rússneskan þrimitífsma með því að búa til hið klassíska form sem fútúrísk útgáfa fylgdi í kjölfarið. Hann hafi rutt brautina og verið frumkvöðull framsæknasta afreks fútúristanna, hins yfirskilvitlega tungumáls, *zaúm* (44). Í grein sinni „The Resurrection of the Word (1914)“ heldur Viktor Shklovsky því fram að tungumálið sé dautt og það sé fútúristanna að endurlífga það:

And now, today, when the artist wishes to deal with living form and with the living, not the dead, word, and wishes to give the word features, he has broken it down and mangled it up. The ”arbitrary” and “derived” words of the Futurists have been born! [...] New, living words are created. The ancient diamonds of words recover their former brilliance (46).

Fútúristarnir kynntu þannig nýja fagurfræði til leiks. „En fegurð fundu fútúristar ekki aðeins í nýyrðum. Eins og fútúristar Vestur-Evrópu voru þeir töluverðir aðdáendur stórborgarlífs, tækni, hraða og skýjakljúfa“ (Árni Bergmann, „Vladimír Majakovskí“ 319). Í yfirlýsingunni *Almennum smekk gefið á kjaftinn* skipa fútúristarnir svo fyrir að virtur sé réttur skálda „1) Til að auka orðaforðann frjálsum og afleiddum orðum (Hvert orð er nýmæli). 2) Til óslökkvandi haturs á því tungumáli sem til var fyrir þeirra dag“ (Búrljúk et al.184). Svo sem að framan greinir var það Krútsjenykh sem hve lengst gekk í þessum efnunum. Önnur skáld nýttu þessa tækni þó óspart og Majakovskí var á meðal þeirra.

Rússneski fræðimaðurin V.N. Valavín hefur gefið út bók þar sem tekin eru saman nýyrði sem Majakovskí bjó til og notaði í verkum sínum og er það uppflettirit meira en 600 blaðsíður og má þar finna ríflega 3500 nýyrði. Majakovskí reyndi þó aldrei að skrifa hrein tónmálverk heldur gætti hann meira hófs í orðasmíðinni en margir samtímamenn hans. Fræðimaðurinn Andrew Kahn er þeirrar skoðunar að „[e]ven at his most futuristic, Mayakovsky kept things far more down to earth than Khlebnikov“ (48).

4. Vladímír Majakovskí

„Líklega hefur aldrei verið uppi skáld sem var jafn ástríðufullur og Majakovskí og jafn samkvæmur sjálfum sér í þeim vilja, að verða ákveðnum málstað, ákveðinni hugsjón að liði“ (Árni Bergmann, „Vladímír Majakovskí“ 324).

4.1 Æviágrip

Vladímír Majakovskí var í æsku ekki líklegur til afreka sem skáld. Hann fæddist fjarri helstu miðstöðvum menningar í Rússlandi, í bænum Bagdadi í Georgíu, sonur fátæks aðalsmanns sem sá fyrir fjölskyldu sinni sem skógarvörður. Í æsku var Majakovskí nokkuð ódæll gekk aðeins miðlungi vel í skóla og komst snemma í kast við lögin (Terras 277). Hann talaði bæði georgísku og rússnesku en náði aldrei góðu valdi á öðrum tungumálum. Charles A. Moser rifjar upp að þetta hafi komið Majakovskí í bobba á heimsóknnum hans til Vesturlanda (87).

Á unglingsaldri var Majakovskí í slagtogi við uppreisnaröfl og var dæmdur til fangelsisvistar aðeins 15 ára gamall. Í fangelsinu komst Majakovskí í kynni við klassískar bókmenntir og þótti ekki mikið til þeirra koma. Hann fluttist síðar til Moskvu og hóf nám í málalalist. Þar kynntist hann Davíð Búrljúk sem sannfærði hann um að hin sanna köllun Majakovskís væri skáldskapurinn. Fræg er sagan af því þegar Majakovskí hefur yfir eitt ljóða sinna á götu í Moskvu og Búrljúk hrópar upp yfir sig „[þ]ú er snillingur!“ (Blake 15-16).

4.2 Samstarfsmenn

Í kjölfarið hefst samstarf Majakovskís við Gíleja-hópinn og „Majakovskí skipar sér í fylkingu fútúrista“ (Árni Bergmann, „Vladímír Majakovskí“ 320). Eins og aðrir listamenn þessa tíma var Majakovskí þó illa við að vera dreginn í dilk með öðrum skáldum. Í verki sínu *Einnig við viljum kjöt* ræðir hann sérstaklega um skilgreiningu og upphaf fútúrista hugtaksins í Rússlandi: „Og vörumerkið „fútúristar“ er ekki einu sinni frá okkur komið. Fyrstu bækur okkar, *Dómaragildran*, *Almennum smekk gefið á kjaftinn*, *Helgisiðabók fyrir þrjá*, kölluðum við blátt áfram safnrit bókmenntafélagsskapar“ (209).

Hvað sem mótbárum Majakovskís líður verður ekki annað sagt en að á þessum árum er mjög margt sameiginlegt með Majakovskí og fútúristum. Þar má nefna að

fagurfræði og gildismat skáldsins eins og hún birtist í verkum hans hefur öll einkenni fútúristanna. Árni Bergmann lýsir afstöðu skáldsins þannig: „[Hann] afneitar borgaralegum veruleik, fegurðardýrkun, menningu fortíðarinnar. Hann lýsir stórborg samtímans á ferlegan og hrollvekjandi hátt.“ („Vladímír Majakovskí“ 319-20). Dæmi um þetta má sjá í þýðingu Árna Bergmann á ljóði Majakovskís „Helvíti borgarinnar“ (rús. „Адище города“) sem birtist í áður tilvitnaðri grein (320):

Í götum skýskafa þar sem málmgrýtið brann
og eimlestarjárn byrgði útgöngudyr
æpti flugvélin og féll þar niður
sem helsærð sólin grét auga sínu

(1913)

4.3 Yrkisefni og stíll

Majakovskí var byltingarmaður mörgum árum áður en byltingin varð í Rússlandi. Hann tók byltingunni því fagnandi og taldi það skyldu sína að verða henni að gagni. Hann taldi þessa byltingu tilheyra sér og að hann tilheyrði byltingunni. Strax í kjölfarið urðu miklar breytingar á sköpunarferli Majakovskís. Hann tók penslana fram á nýjan leik og hóf að mála áróðursplaköt ásamt því að semja auglýsingaslagorð. Þetta þótti honum vera sjálfsagt hlutverk listamannsins í hinu nýja sovéska kerfi. Afstaða hans var bæði einföld og ákveðin. Hann vildi vinna kommúnismanum allt það gagn sem hann mátti. Þetta viðhorf kemur skýrt fram í ljóði hans „Tilskipun til listahersins“ í þýðingu Árna Bergmann:

Félagar!
Út á götuvígin!
götuvígi hjartna og sálna.

(1918)

Hugmyndafræði skáldsins var enn hin sama. Byltings skáldskaparins fór að hans mati hönd í hönd við byltingu þjóðfélagsins. Því má telja víst að „Majakovskí telur sig fútúrista byltingarárið“ (Árni Bergmann, „Vladímír Majakovskí“ 323-28). Sama sjónarmið kemur fram hjá Lunacharsky: „Mayakovsky was in love with the Revolution, and with each new song about it he seemed to be trying to prove his right to be one of its favorite suitors...“ (220).

Árni Bergmann bendir á að „Majakovskí talar á sérkennilegu, kraftmiklu, samþjöppuðu máli [...] án allra estetískra boða og banna. Hann hristir allan orðaforðann saman í gríðarmikinn kokkteil [...] Majakovskí bannar sjálfum sér [aðeins það] að nota stirðnaðar eða útjaskaðar myndir og orðasambönd [...] hyperbólán er hans eftirlæti“ („Vladimír Majakovskí“ 329-30).

5. Fútúrisminn í íslensku samhengi

Framúrstefnan virðist hafa haft lítil áhrif á Íslandi við aldahvörf. Flest skáld hér á landi héldu sig við hefðbundið rím og stuðlasetningu, þó yrkisefnin breyttust og drægju dóm af sjálfstæðisbaráttu, stéttabaráttu og iðnvæðingu landsins. Í ritinu íslenskar nútímabókmenntir kemst Kristinn Andrússon svo að orði: „Aðalsérkenni [...] tímabilsins, 1919 til 1930, er algert formleysi, óskapnaður. Þjóðfélagið á enga fasta mótun, bókmenntirnar enga ákveðna stefnu. Það á sér stað margvísleg leit að formi, bæði fyrir þjóðlífið og bókmenntirnar, en áratugurinn fer allur í tilraunir og leit“ (33). Undir þetta tekur Eysteinn Þorvaldsson: „[...] þá fór þessi þróun í skáldskap framhjá Íslandi eins og flest annað af listhreyfingum þess tíma“ (31). Hann heldur áfram og segir: „Menn undu hér glaðir við sitt, og þau skáld sem kynntust erlendum bókmenntum, virtust ekki sjá ástæðu til að færa íslenska ljóðlist miklu nær hinum erlendu nýjungum“ (39). Fútúrisminn hafði því lítil áhrif á Íslandi og fræðimenn jafnt sem gagnrýnendur virðast hafa hafnað slíkum skáldskap næstum undantekningarlaust. „Almennt er litið svo á að Íslendingar þess tíma hafi litið gefið sig að framúrstefnulistum og ekki sé hægt að tala um að nein framúrstefnuhreyfing hafi skotið upp kollinum hér fyrr en með ný-framúrstefnunni“ (Gunnþórunn og Ólafur 5).

5.1 Einkenni fútúrismans og sérstaða Íslands

Eitt grundvallareinkenni framúrstefnunnar í Evrópu voru hópamyndanir og sífelldar væringar þeirra á milli, svo sem að framan er rakið hvað Rússland varðaði. Annað höfuðeinkenni sem skilgreinir framúrstefnuna og fútúrismann er kraftmikil útgáfa. Hvorugt þessara einkenna kom fram á Íslandi. Engir hópar mynduðust og útgáfa var mjög í skötulíki. Benedikt Hjartarson bendir á að „[e]ngir slíkir hópar mynduðust hér á landi á tímabilinu og umræða um þá einkenndist jafnvel af andúð á slíkri hópamyndun [...] enginn

þeirra [höfundar] steig fram á sjónarsviðið með berorðum yfirlýsingum eða stofnun róttækra framúrstefnutímarita hér á landi“ („Af úrkynjun“ 80). Mikilvægt er að horfa til þess að yfirlýsingar sem grein bókmennta, líkt og ljóð eða smásögur, voru enn eitt afgerandi einkenni á og stór hluti af höfundarverki evrópsku framúrstefnunnar. Þessu var á annan veg farið á Íslandi: „Að auki eru engar stefnuyfirlýsingar (*manifestó*) gefnar út hér á landi á tímabilinu, en líta má á þá bókmenntagrein sem drifkraftinn í *fagurfræðilegum aktívisma* evrópsku framúrstefnunnar[...]“ („Af úrkynjun“ 81).

Ekki væri rétt að halda því fram að engir Íslendingar hafi verið hallir undir kenningar framúrstefnunnar. Fræðimaðurinn Hubert van den Berg telur að Finnur Jónsson og Jón Stefánsson hafi verið fyrstu íslensku listamennirnir sem voru virkir meðlimir í tengslaneti sögulegu framúrstefnunnar. Hann fullyrðir enn fremur að Finnur hafi verið fyrsti íslenski listamaðurinn sem fékk inngöngu í eina af helstu miðstöðvum framúrstefnunnar á öðrum og þriðja áratug aldarinnar, *Der Sturm* (51).

Þá má benda á að Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson gerðu á þessum tíma tilraunir með rímlaus kvæði án stuðlasetningar. Eysteinn Þorvaldsson er þeirrar skoðuna að með þeim fútúríska ljóðum sem Þórbergur birti í *Hvítum hröfnum* árið 1922 hafi hann fyrstur skálda risið opinskátt og ákveðið gegn vissum atriðum í formgerð hinnar hefðbundnu ljóðagerðar (47). Benedikt Hjartarson lítur svo á að Þórbergur sé að öllum líkindum eini yfirlýsti fútúristinn, sem í skrifum sínum leitar að ómenguðum hughrifum og nýju ljóðmáli á þeim tíma sem fútúristar í Rússlandi og á Ítalíu voru enn virkir. Þessar tilraunir voru að mati hans enn í fjötrum hefðbundinnar frásagnargerðar og framsetningarháatts. Þannig telur Benedikt þá Þórberg og Halldór einu íslensku rithöfundanna sem skilgreina verk sín með beinni skírskotun til evrópsku *ismanna* á öðrum og þriðja áratugnum. Ennfremur lýsir hann skáldskaparfræðum Halldórs Laxness með þeim orðum að þau „[...] grundvallast í meginatriðum á einmitt þeirri síðrómantísku og sýmbólísku fagurfræði sem sögulega framúrstefnan rís gegn“ („Af úrkynjun“ 82-3).

Niðurstaða Benedikts Hjartarsonar um hugmyndafræði framúrstefnunnar á Íslandi á árunum 1910-1920 er sú að „[h]ugmyndir og aðferðir framúrstefnunnar eru innlimaðar í afmarkað fagurfræðilegt samhengi, sem felur í sér tilraun hennar til að særa fram nýtt fagurfræðilegt hugarfar og menningu með tilraunum og skipulagðri hópstarfsemi var hafnað“ („Af úrkynjun“ 81).

Á þriðja áratugnum eiga sér stað gríðarleg átök um hugmyndafræðilegt forræði við mótun íslenskrar menningar. Helstu ungskáld tímabilsins fram til 1930, Stefán frá Hvítadal, Davíð Stefánsson, Sigurður Grímsson, Jón Thoroddsen, Magnús Ásgeirsson, Jóhann Jónsson og Jón Magnússon, takast á við málefni samtímans en halda áfram í hefðir hvað bragarhætti varðar.

Það eru síðan Steinn Steinarr, Jón úr Vör og Jóhannes úr Kötlum sem gerast brautryðjendur nýrrar formgerðar í ljóðlist á Íslandi. Í þriðju ljóðabók sinni, *Samt mun ég vaka*, sem út kom 1935 yrkir Jóhannes úr Kötlum í óbundnu máli (Kristinn Andrésson 128):

Eins og ljóð vort er einfalt og auðskilið
og hirðir ekki um rósfjötra rímsins
né fjólublá faguryrði,
heldur sannleikann sjálfan.

Ári fyrr hafði Steinn Steinarr gefið út ljóðakverið *Rauður loginn brann* þar sem mörg ljóðanna voru hvorki rímuð né með hefðbundinni stuðlasetningu. Yrkisefni beggja ofangreindra skálda voru innblásin af sósíalímanum, ásamt einmanaleik og firringu þeirra sem dvelja í borgum. Það er síðan ekki fyrr en 1942 að Jón úr Vör gerir sínar fyrstu tilraunir með nútímalegt ljóðaform í bókinni *Stund milli stríða*. Hér mætti einnig geta skálda á borð við Snorra Hjartarson og Stefán Hörð Grímsson en öllum er þessum rithöfundum það sameiginlegt að ljóð sín semja þeir og gefa út, þegar framúr stefnan og fútúrisminn hafa þegar slitið barnsskónum og gott betur en það. Því má segja að þeir verði ef til vill fyrir áhrifum stefnunnar en þeir geta varla talist þátttakendur, hvorki í uppgangi né hnignun hennar.

6. Ný-framúr stefnan og þýðingar

Eftir miðja tuttugustu á öldina hefur framúr stefnan innreið sína á Íslandi. Þá taka menn til við að þýða hinn erlenda framúr stefnu kveðskap. „Þessir nýju ljóðapýðendur notuðu ekki hina hefðbundnu aðferð fyrri ljóðapýðenda að færa erlend ljóð í stuðlastakk íslenskrar formhefðar“ (Eysteinn Þorvaldsson 151). Atkvæðamestur í þýðingum ljóða rússneska fútúrismans, einkum Majakovskí, var Geir Kristjánsson. Þýðingar hans birtust ekki fyrr en

árið 1951 þegar ljóðið „Venjulega svo“ birtist í tímariti MÍR 5-6. Árni Bergmann birti síðan þýðingu á ljóðinu „Fullum hálsi“ árið 1987 í tímariti Máls og menningar 4 (bls. 431-39). Þessum mönnum hefur verið ærinn vandi á höndum. Þó var nýyrðasmíð viðurkenndur þáttur í starfi þýðandans. Má í því sambandi sérstaklega geta verka Magnúsar Ásgeirssonar sem hóf þýðingu erlendra ljóða, þar með talinna ljóða rússneskra sýmbólísta snemma á öldinni. Fyrsta bók hans með frumsömdu og þýddu efni, *Síðkveld* kom út 1923. Safn þýðinga hans *Þýdd ljóð* kom síðan út árið 1928. Magnús var mikilvirkur nýyrðasmiður. Snorri Hjartarson lýsti nýgervingum hans svo:

Og iðulega hrökkva úr aflinum ný orð, flest svo eðlileg og rétt á sínum stað að við tökum ekki eftir að um nýgervinga er að ræða, en finnst þau hljóti að hafa leikið um þær hendur sem elduðu og lúðu málm tungunnar fyrir löngu. Hann talar um hrollmyrk rímorð, glamurglaða önn, hróplúna varðmenn, hófablik, stormabrim, fagurdreymi, staðhelgi, þytmál, sólviðraðar súlur, launstíg skref, langfræg vörusvik, ylþyrsta hönd, gleymaskulíkn, endimarkaleysi, morðblindni, arfheilög orð (XVIII).

Vladimir Nabokov hefur reifað skoðanir sínar á hvernig best sé að bera sig að við þýðingar og vill greina á milli þýðinga í tvennum tilgangi. Hann telur, að sé um að ræða fræðilega ljóðþýðingu, þá sé hún einskis virði nema henni fylgi ítarlegar neðanmálgreinar um smæstu atriði. Slíkar útskýringar verði aldrei of nákvæmar (*Lectures* 319). Annað er þó uppi á teningnum varðandi listræna þýðingu, þar telur Nabokov að í raun skuli skapað sjálfstætt listaverk sem miðla beri merkingu og hughrifum milli menningarheima (*Lectures* 315-17). Að mati Nabokovs þarf góður þýðandi að hafa margt til að bera. Þýðandinn þarf að vera jafn hæfileikaríkur og skáldið sem hann hyggst takast á við, eða í öllu falli að hafa sams konar hæfileika. Þá þarf þýðandi að gjörþekkja menningarheima beggja landanna, upprunalandansins og þess málsvæðis sem þýða á fyrir, ásamt því að nauðþekkja bæði tungumálin. Loks þarf góður þýðandi að vera góð eftirherma og geta brugðið sér í líki skáldsins og sett sig í hans spor (*Verses* 9-11). Svipað sjónarmið kemur fram hjá Snorra Hjartarsyni sem telur að góður þýðandi þurfi að búa yfir „lifandi orðgnótt og orðmyndun, hagamælsku og tilfinningu fyrir formi, öruggri smekkvísi og vandvirkni, og síðast en ekki síst innsýn skáldsins í kjarna hvers einstaks verks, verðandina á bak við orðin“ (XVIII). Ástráður Eysteinnsson telur Nabokov vera full röttækan í sínum skoðunum. Hann rekur

kenningar fleiri fræðimanna hvað þýðingar varðar. Ástráður vitnar til skrifa Etienne Dolet frá 16. öld. Þar eru talin upp fimm grunnatriði við þýðingar. Í fyrsta lagi skuli þýðandi hafa fullkominn skilning á merkingu frumtexta, geta snúið honum af trúnaði og geta skýrt torskilda staði í textanum. Í annan stað þurfi þýðandi hvort tveggja að þekkja frummálið vel og vera vel ritfær á eigin máli. Þriðja atriðið er að þýðandi skuli ekki vera frumtexta svo undirgefinn að hann þýði orð fyrir orð. Dolet nefnir í fjórða lagi að þýðandi skuli ekki binda sig um of við orðaförða upprunamálsins heldur horfa til valkosta þjóðtungunnar. Loks er nefnt í fimmta lagi að þýðandi skuli leggja sig eftir viðeigandi stílbrögðum og framsetningu. Ástráður getur einnig kenningar John Drydens sem fram komu um öld síðar. Dryden taldi þrjár meginaðferðir eiga við um þýðingar. Í fyrsta lagi nákvæmar þýðingar, orð fyrir orð (e. *metaphrase*). Í öðru lagi megi þýða þannig að frumverkið sé ætíð í sjónmáli en merkingu þess fylgt fremur en bókstaf (e. *paraphrase*) og loks sé fyrir hendi sá möguleiki þýðanda að stunda eftirlíkingu, þannig að hann taki ef til vill eingöngu vísbendingar frá frumtextanum en hagi svo útfærslu að eigin vild (e. *imitation*). Þá eru enn ótaldar kenningar sem Tytler lávarður setti fram um þýðingar í bók sinni *Essay on the Principles of Translation* sem út kom í London árið 1791. Í stuttu máli taldi hann að greina mætti þrjár meginreglur góðra þýðinga. Sú fyrsta er að þýðingin geri hugmyndum frumtextans full skil. Önnur reglan er sú að stíll og framsetning séu í samræmi við frumtextann. Þriðja reglan er svo sú að þýðingin sé jafn þjál og frumtextinn (Ástráður Eysteinnsson 57-60). Segja má að kenningar Tytlers geri ráð fyrir að þýðendur skapi ekki sjálfstæð listaverk heldur flytji verk annarra milli málsvæða. Hinn sameiginlegi tónn sem allir þessir fræðimenn slá, er sá að þýðendur þurfi að hafa fullt vald bæði á því tungumáli sem þýtt er úr og ekki síður tungumálinu sem þýtt er á. Þá er nauðsynlegt að þýðandinn skilji til hlítar þá tvo menningarheima sem um er að tefla og reyni eftir megni að miðla óbrengruðum hughrifum á milli þeirra. Þá þarf einnig að vera ljóst hver tilgangurinn er með þýðingunni. Hvort er um að ræða fræðilega greinargerð eða sköpun sjálfstæðs listaverks?

Ástráður Eysteinnsson, Snorri Hjartarson, Eysteinn Þorvaldsson og fleiri hafa tjáð sig um notkun bragarháttanna við þýðingar. Ekki er alltaf auðvelt að halda bragarhætti hinum sama á ólíkum tungumálum, þar sem málfræðileg og setningarfræðileg lögmál leyfa slíkt ekki. Frelsi nútúríska ljóðanna frá hefðbundnum skorðum auðvelda þýðinguna ekki endilega. Í stað hinnar eldri fagurfræði þarf að uppfylla önnur skilyrði hins nýja forms. Snorri

Hjartarson orðar það svo: „Annars er það mikill misskilningur að halda að erfiðara sé að þýða háttbundin kvæði og rímuð en óbundin ljóð“ (XXI).

Hvort sem ljóðin eru háttbundin eða ekki virðast menn sammála um að vandi sé að þýða slík verk. Ástráður Eysteinnsson bendir á að of heyrist sú skoðun að ekki sé hægt að þýða ljóð og hann vitnar í bandaríska ljóðskáldið Robert Frost sem taldi að „[...] aðal ljóðsins sé einmitt það sem glatast við þýðingu“ (21). Í öllum ljóðapýðingum hvort sem um er að ræða bundið mál eða óbundið þarf að gæta að hrynjandi, hljómfalli orða og rími auk inntaks og merkingar. Í næstu köflum verður hvert þessara atriða skoðað og borin saman hefðbundin vinnubrögð við þýðingar á íslensku og formkröfur fútúristanna.

6.1 Hrynjandi

Þó hrynjandi sé í hugum margra einkum einkenni hefðbundinnar ljóðagerðar er hún einnig mjög mikilvæg í kveðskap þar sem menn binda sig ekki við hefðbundna bragfræði. Sem dæmi um þetta nefnir Eysteinn Þorvaldsson þetta erindi úr ljóðinu „Rímþjóð“ sem út kom árið 1955 í bók Jóhannesar úr Kötlum, *Sjödægra* (209):

Rennur gegnum hjarta mitt
blóðsins heita elfur:
upp í strauminn bylta sér
kaldir sorgarfiskar (33).

Í ljóðinu eru hvorki rím, né stuðlar og höfuðstafir. Hins vegar er hrynjandi þess eins og um ferskeytlu væri að ræða. Eysteinn lýsir því þessum stílbrögðum þannig: „Bragurinn hljómar taktfast þó að öll ytri formeinkenni hefðarinnar önnur en hrynjandin séu horfin“ (209).

Í þýðingum ljóða á íslenska tungu, þar sem áhersla er jafnan á fyrst atkvæði hvers orðs, geta hákveður og lágkveður raskast verulega miðað við upprunalega tungumálið, þar sem áhersla kemur á annað eða þriðja atkvæði orða. Óskar Halldórsson hefur bent á að hæpið sé að gera ráð fyrir stígandi bragliðum í íslenskri tungu (17). Það er þó aðaleinkenni ýmissa erlendra háttá. Hér eru jambar gott dæmi en slík form, til dæmis sonnettur, byggja á öfugum tvíliðum. Hrynjandi upprunalega kvæðisins kemst þannig mögulega ekki til skila í þýðingunni og uppbygging þess er í hættu. Snorri Hjartarson tiltekur dæmi þess þegar skáld

Скоре-е-е-е-е-е-е!

Скорейскорей!

Þannig eru 16 sérhljóðar í „И-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и“, 8 sérhljóðar í „Скоре-е-е-е-е-е-е“ og í línu 130 og síðan 172 er „Иде-е-е-е-м“ með fjórum sérhljóðum. Ýmis önnur tilbrigði við hrynjandi koma fyrir í mismunandi hlutum ljóðsins til þess að undirstrika og aðgreina einstaka hluta þess. Hrynjandinn er því notuð mjög meðvitað til þess að kalla fram taktbundinn nið (e. *rhythmical hum*) sem Majakovskí taldi grundvöll sérhvers ljóðs (Aizlewood 111 og 121).

6.2 Hljómfall orða

Oft vilja menn ná fram áhrifum með orðavali þannig að hljómur orðanna en ekki aðeins merking þeirra, skapi tiltekið andrúmsloft. Vésteinn Ólafsson nefnir að oft hafa skáld notað skæra sérhljóða og mjúka samhljóða til að ná fram hugblæ kyrrðar og unaðar líkt og í „Magnúsarkviðu“ Jónasar Hallgrímssonar (25).

Sofinn var þá fífill
fagur í haga
mús undir mosa
már á báru

Á hinn bóginn má nota harða samhljóða til að túlka illviðri og hörku. Óskar Halldórsson tekur dæmi úr kveðskap Einars Benedikssonar þar sem hvinur s-hljóðsins, sem hvín í öllum rím-atkvæðum, ásamt rími og stuðlasetningu blása andrúmslofti kvíða og óhugnaðar í ljóðinu „Hvarf séra Odds frá Miklabæ“ (32):

Hátt slær í nösum hvæstum
hestur í veðri geystu
Gjósta af hjalla hæstum
hvín í faxi reistu.

Í *Dómaragildrunni* geta fútúristarnir sérstaklega um slík stílbrögð: „Sérhljóða skiljum við sem tíma og rúm (einkenni framsóknar) samhljóða sem lit, hljóm, ilm“ (Búrljúk et al. 186). Í þessari yfirlýsingu koma tengsl fútúrísku skáldanna við málalílist, sérstaklega kúbisma,

greinilega í ljós. Enda höfðu mörg helstu fútúríska ljóðskáldin hlotið formlega menntun í málaralist. Juliette Stapanian hefur skoðað hvernig kúbó-fútúristarnir, sérstaklega Majakovskí, brjóta ljóðmálið upp til þess að sýna ólík sjónarhorn og opna það sem alla jafna er lokað, líkt og gert er í málaralist kúbismans. Hún vitnar til orða listamannsins Kasímír Malevitsj sem sagði: „Cubism builds its pictures from the forms of lines and from a variety of painterly textures, ... words and letters are introduced as a confrontation of various forms in the picture. Its graphic meaning is important. It is all for the sake of achieving dissonance“ (641). Majakovskí fór einmitt þessa leið í ljóðagerð sinni. Gott dæmi um það er fyrsta hending úr ljóðinu „Frá götu til götu“ (rús. „Из улицы в улицу“):

У-
 лица.
 Лица
 у
 догов
 годов
 рез-
 че.
 Че-
 рез

Hér brýtur Majakovskí orðin upp þannig að lesandinn fær nýja sýn á hvert einasta orð, hvert einasta fónem:

Majakovskii's fragmentation of the verbal units and verselines exposes images and word patterns previously concealed by conventional literary formats for printing poems as full lines [...] Maiakovskii manipulates verbal units into intricate patterns of sounds (Stapanian 642-3).

Rússneska nafnorðið *улица* [úlitsa] þýðir „gata“ en orðið *лица* [litsa] þýðir hins vegar „andlit“ (ef. et.). Forsetningin *у* [ú] þýðir „hjá“. Þegar *улица* er slitið í sundur og verður *у-лица*, breytist merkingin. Í stað „götunnar“ birtist „andlit“ (hjá andliti). Þegar orðaröðinni er síðan víxlað og forsetningin er sett á eftir nafnorðinu er *лица* fleirtöluorð í nefnifalli,

komin eru mörg „andlit“. Næst notar Majakovskí stafavíxl. Orðið *dogov* [dogov] (hundar af stórvöxnu kyni) verður með víxli fyrstu tveggja samhljóða *godov* [godov] sem þýðir „fleiri en eitt ár“. Í kjölfarið notar skáldið bæði stílbrögðin sem á undan komu. Hann slítur orðin í sundur og víxlar stöfum. Orðið *reztse* [reztse] sem þýðir „beittari“, verður *pez-че*. Orðhlutunum er síðan víxlað þannig að úr verður orðið *че-pez* [tse-rez] sem þýðir „á móti“. Við blasir undarleg mynd af „andlitum stórra hunda sem eru beittari en árin“.

6.3 Rím

Þrátt fyrir að fútúristar hafi hafnað fornum bragarháttum, notuðust þeir við hrynjandi, stuðla og rím. Þeir gerðu það hins vegar algjörlega á sínum forsendum. Blake vitnar til orða Majakovskí þar sem hann lýsir eigin ljóðagerð: „I always put the most characteristic word at the end of a line and find for it a rhyme at any cost. As a result my rhymes are almost always out of the ordinary and, in any case, have not been used before me and do not exist in rhyming dictionaries“ (23). Gott dæmi um þetta má finna í ljóðinu „Fullum hálsi“:

дочка,
 дачка,
 водь
 и гладь

sem rímar aa bb. Annað dæmi úr sama ljóði er:

Нет на прорву карантина —
 мандолият из-под стен:
 «Тара-тина, тара-тина,
 т-эн-н...»

sem rímar Ab Ab. Í báðum tilfellum eru notuð nýyrði til þess að fullkomna rímið. Í fyrra tilfallinu orðið *водь* [vdov] sem er notað í stað orðsins *voda* [voda] (sem þýðir vatn) og í því síðara orðið *т-эн-н* [t-en-n] sem hefur enga merkingu heldur líkir eftir hljómunum þegar leikið er á mandólfín.

6.4 Nýyrðasmíð og *zaúm*

Í skáldsögunni *Atómstöðin* leggur Halldór Laxness benjamín atómskáldi í munn þetta kvæði: „ó tata bomma / tomba ata mamma / ó tomma at“ (Halldór Laxness, *Atómstöðin* 130). Hér virðist við fyrstu sýn sem engin merking sé á bakvið orðin. Sé ljóðið betur skoðað má þó greina tilvísun í orðið „atómbomba“. Þetta var algengt stílbragð fútúristanna. Enn vinsælla var þó að snúa út úr þeim orðum sem til eru í málinu, til dæmis með því að nota eintölumynd fleirtöluorða (eitt bux í staðinn fyrir einar buxur) henti það rímsins vegna eða setja þau í óvænt samhengi. Svo sem fyrr greinir var nýsmíði orða eitt af aðalsmerkjum fútúristans. Í Rússlandi var það *zaúm* stefna Krútsjevnykh sem markaði skýrust spor í þessu efni og sem fyrr segir var Majakovskí einnig afkastamikill nýyrðasmiður. Hans aðferð var þó fremur að brjóta tungumálið upp í frumeindir sínar og setja það saman á nýjan óvæntan hátt. Majakovskí gekk ekki eins langt og Krútsjenvnykh í notkun orða án merkingar. „Although Mayakovsky showed considerable inventiveness in producing occasional neologisms, his treatment of the language was not nearly as radical as that of Khlebnikov and Khruchenyk“ (Gasparov 15). Þó má benda á nokkur dæmi þar sem Majakovskí gengur bísna langt í meðferð tungumálsins. Hér má nefna notkun orðsins „iiiiiiiiiiiiiiii“ (rús. Иiiiiiiiiiiiiiiii) í ljóðinu „150 000 000“. Þar virðist nýyrðasköpunin hafa öll merki yfirskilvitlega málsins. Ekki er hægt að greina neina sérstaka merkingu heldur fremur stemningu, hrynjandi og ákafa.

Í *Dómaragildrunni* lýsa fútúristarnir því yfir að þeir séu farnir að gefa orðum inntak í samræmi við útlit þeirra og hljómeinkenni. Einnig að þeir hafi gert sér fulla grein fyrir hlutverki forskeyta og viðskeyta (Búrljúk et al. 185). Gott dæmi um þetta er ljóð Klebnikovs „Hláturþula“ eða „Заклятие смехом“ sem samið var 1908-09. Þar er rót sagnarinnar „að hlæja“ (rús. *смеяться*) notuð ásamt forskeytum og viðskeytum, henni breytt í nafnorð o.s.frv þannig að úr verður þessi texti:

О, рассмейтесь, смехачи!

О, засмейтесь, смехачи!

Что смеются смехами, что смеянствуют смеяльно,

О, засмейтесь усмеяльно!

О, рассмешищ надсмеяльных — смех усмейных смехачей!

О, иссмейся рассмеяльно, смех надсмейных смеячей!

Смейево, смейево,
 Усмей, осмей, смешики, смешики,
 Смеюнчики, смеюнчики.
 О, рассмейтесь, смехачи!
 О, засмейтесь, смехачи!

Vandi er að þýða slík ljóð, sem byggja að grunni til að tilraunum með málfræði upprunalega tungumálsins. Lítum á tvær enskar þýðingar á fyrstu fjórum línum ljóðsins:

O laugh it out, you laughsters!
 O laugh it up, you laughsters!
 So they laugh with laughters, so they laugherize delaughly.
 O laugh it up belaughably! (Proffer 21)

O you laughniks, laugh it out!
 O you laughniks, laugh it forth!
 You who laugh it up and down,
 Laught along so laughily,
 Laugh it off belaughingly! (Markov 7)

Á íslensku gæti þýðingin verið í þá átt sem Árni Bergmann leggur til:

Ó hlæið þið, hlátrrar
 ó skellihlæið, hlátrrar
 Þar hlæja þeir hlátrum, þar hlæmast þeir hlátran
 ó hlæið í hlátrasveit („Vladímír Majakovskí“ 318)

Ljóst má vera að hér er það formið, áferðin og stemningin sem öllu ræður, fremur en inntak ljóðsins vegna þess að „*záúm* grundvallast á þeirri hugmynd að orðið myndi hljóðræna heild sem búi yfir verufræðilegum kjarna sem sé óháður venjubundinni merkingu þess“ (Árni Bergmann og Benedikt Hjartarson 174). Rétt er að taka eftir því að til þess að gera atlögu að því að þýða ljóðið hefur Árni Bergmann þurft að skapa allmörg orð sem ekki voru til áður á íslenskri tungu. Hlátrrar, hlæmast, hlátran og hlátrasveit eru allt nýyrði og sýna

hversu skapandi þýðandinn þarf að vera til þess að koma áhrifum hins framúrstefnulega skáldskapar til skila.

6.5 Þýðingar nýyrða

Ekki er augljóst hvernig best fer á að þýða orð sem ekki hafa verið til áður og stjórnast algjörlega af hrynjandi, rími eða rímleysi og stemningu sem skáldin telja nýyrðin draga fram á framandi tungu. Í *Kvæðakveri* Halldórs Laxness kemur þessi hending fyrir í ljóðinu „Únglingurinn í skóginum“:

spámáni frá Skáni
skámáni frá Spáni
frá Skámánaspáni (13).

Slíkir orðaleikir voru fútúristum einkar tamir en eru vandþýddir. Sem dæmi má nefna hendingu úr ljóði Majakovskís, „Fullum hálsi“ (rús. „Во весь голос“) þar sem hann gerir grín að ungskáldunum K. N. Mítrekín og A. A. Kudreiko:

кудреватые Митрейки,
мудреватые Кудрейки“

sem í íslenskri þýðingu Árna Bergmann verður („Fullum hálsi“ 432):

Síðhærðir Mítrekar
útsmognir Kúdreikar

Þó þýðingin komi því til skila að Mítrekar séu síðhærðir og Kúdrekar hins vegar útsmognir, týnist hrynjandin, innrímið, stuðlasetningin og hljómlíking orðanna. Til frekari skýringar mætti ef til vill nota eftirfarandi dæmi um svipaðan orðaleik á íslensku:

Það er betra að hafa skafís en að skafo hafís.

Sem þá mætti þýða á rússnesku sem:

(Это) лучше иметь мороженое, чем очистить лед от океана.

Orðaleikurinn þýðist einkar illa. Sú hugmynd að það sé notalegra að njóta þess að fá sér rjómaís heldur en að vinna við að brjóta klaka úti á hafi, kemst vel til skila á báðum tungumálum. Hitt er annað mál að hrynjandi íslensku setningarinnar, rím og stílbrögð hverfa algjörlega í þýðingunni. Orðið „мудреватые“ er ekki til í orðabók heldur er það

dæmi um nýyrði sem Majakovskí notaði til að orðaleikur rímsins gangi upp (Valavín 304). Hið sama á við um íslenska dæmið. Orðið skafís finnst ekki í íslenskri orðabók heldur er tilvísun í vörumerkið Skafís, sem var (og mögulega er) algeng tegund af rjómaís á Íslandi.

Slík notkun vörumerkja leiðir hugann að staðfærslum. Margt í menningu hvers lands þykir heimamönnum algjörlega sjálfsgagt og engin ástæða til að skýra það frekar. Líkt og skafísinn. Dæmi um þetta í verkum Majakovskí er „blikkfiskurinn“ sem fyrir kemur, í eftirfarandi broti úr ljóðinu „А вы могли бы?“:

Я сразу смазал карту будня,	Ég smurði kort hversdagleikans
плеснувши краску из стакана;	með því að skvetta lit úr glasi
я показал на блюде студня	og sýndi á disk með hlaupi
косые скулы океана.	hina skökku kjamma hafsins.
На чешуе жестяной рыбы	Á hreistri blikkfisksins
прочёл я зовы новых губ.	las ég köll nýrra vara

(1913)

Hér er vísað til skiltagerðar í Rússlandi sem ekki þarf frekari skýringar við þar í landi en í íslenskri þýðingu kallar þetta á neðanmálgrein eða frekari útskýringar, því að hér á landi hanga blikkfiskar ekki utan á fiskbúðum. Þetta vekur upp spurninguna um hvort ljóð sé full þýtt ef það þarf neðanmálgrein til að útskýra eintök atriði? Halda mætti því fram að þýðingin hafi ekki að fullu tekist ef merking og hughrif skila sér ekki. Nabokov mundi telja að í fræðilegri þýðingu væru neðanmálgreinar vel við hæfi. Í því tilfelli mundi hann hins vegar ekki telja að sjálfstætt listaverk hefði verið skapað (*Verses* 8). Á Íslandi hafa menn gengið langt í staðfærslum og má þar nefna bæði manna og staðarnöfn í mörgum ljóðapýðingum Jónasar Hallgrímssonar, Gríms Thomsen og Magnúsar Ásgeirssonar líkt og Snorri Hjartarson rekur í inngangi sínum að *Ljóð frá ýmsum löndum* (XIV-XVII).

Niðurstaða Ástráðar Eysteinnssonar er sú að þýðing sé háð ótal þáttum sem lúta að textasamhengi, aðstæðum þar sem verkið á að gerast og málvenjum beggja tungna. Til að verk teljist þýðing, en ekki algjörlega sjálfstætt verk, þarf þýðingin að búa yfir vissri samkvæmni sem hliðstæða og fulltrúi frumtextans en jafnframt þarf hún að geta verið sjálfstæður og fullgildur texti á sínu tungumáli (100). Taka má undir þessa niðurstöðu.

7. Greining nýyrða í nokkrum ljóða Majakovskís

Í mörg horn er að líta ef þýðingar eiga að takast vel. Bæði þarf að taka afstöðu til þess, hver tilgangur þýðingarinnar er, fræðilegur eða listrænn og í kjölfarið annað hvort að gefa greinargóða skýringu á smæstu atriðum ljóðsins eða skapa nýtt listaverk, innblásið af hinu fyrra. Allmörg fútúrísk ljóð hafa verið þýdd á íslenska tungu. Því er rétt að skoða með hvaða hætti þýðendur hafa nálgast það verkefni og sérstaklega hvernig glímt hefur verið við þau einkennandi stílbrögð sem að ofan er getið, einkum smíði nýrra orða. Hér verður þýðing nýyrða skoðuð í þýðingu Árna Bergmann á ljóðinu „Fullum hálsi“ (rús. „Во весь голос“) og í þýðingum Geirs Kristjánssonar á ljóðinu „Nokkur orð um konuna mína“ (rús. Несколько слов о моей жене) og hluta úr ljóðinu „150 000 000“ sem öll eru eftir Vladímír Majakovskí.

7.1 Nýgervingar í „Fullum hálsi“ á frummálinu

Rússneski fræðimaðurinn V.H. Valavín hefur safnað saman á bók þeim nýyrðum sem þekkt eru úr verkum Majakovskí. Alls eru þetta um 3500 orð sem þar birtast í stafrófsröð á um það bil 600 blaðsíðum. Bókin kom út í Moskvu árið 2010. Hér að neðan er yfirlit yfir öll nýyrði sem samkvæmt bók Valavín koma fyrir í ljóðinu „Fullum hálsi“, ásamt skýringum. Þessi orð eru einkennd með feitletrun. Þess er getið hvernig orðin eru mynduð, þ.e. úr hvaða orðstofnum, forskeytum, viðskeytum o.s.frv. Einnig er rakið hver ætla megi að tilgangurinn með smíði einstakra orða hafi verið. Oft er um að ræða orð sem nauðsynleg eru vegna ríms eða hrynjandi. Tölur sem hér eru settar í sviga vísa til blaðsíðutals í bók Valavín, þar sem orðin eru upp talin og skýrð. Tölur í smáu, hækkuðu letri fyrir framan hendingarnar eru raðnúmer á línunum ljóðsins, eins og það kemur fyrir í Viðauka 1, þar sem rússnesku og íslensku útgáfu ljóðsins er stillt upp öndvert hvorri annari.

³¹дочка,

дача,

водь

и гладь

(99)

Samstofna **вода** (vatn) og **водный**

(vatnskennt) notað til að ríma við **гладь**

(spegilsléttur).

⁴⁰кудреватые Митрейки,

- мудреватые** Кудрейки— (304) Samstofna **мудрый** (vitur) með viðskeytinu **-еват (ый)** sem er notað til að ríma við **кудреватые** (hrokkinnhærðir).
- ⁴⁴Нет на прорву карантина —
мандолиянт из-под стен: (280) Samstofna **мандолина** (mandólín) með endingunni **и(ть)** þannig að úr verður sögnin að *mandólína*.
«Тара-тина, тара-тина,
т-эн-н...»
- ⁸⁰не так,
как **песенно-есененный** провитязь.(373) Samstofna **песенный** (söngur) með viðskeytinu **о** ásamt nafni ljóðskálsins **Есенин** sem fær lýsingarorða endinguna **енн(ый)** í merkingunni *Jeseníns-söngva (lo)*.
- ⁸⁰не так,
как песенно-есененный **провитязь**.(418) Samstofna **провидец** (sjáandi) skeytt saman við **витязь** (riddari/kappi). *Sá sem telur sig sjá hetjuna*.
- ⁸⁸не как стрела
в **амурно-лировой** охоте, (50) Samstofna Амурный (Amors) ásamt viðskeytinu **о** skeytt saman við **лира** (lýra) ásamt lýsingarorðs viðskeytinu **ов(ый)**. Nýgervingin *Amors-lýru veiðum* verður til.
- ⁸⁸не как стрела
в **амурно-лировой** охоте, (276) Til er önnur útgáfa ljóðsins þar sem notast er við orðalagið *не как стрела амуровая в любовнейший охоте*,

- sem gæti útlagst: Ekki eins og ör
Amors á ástarveiðum.
- ¹¹⁸С **полупохабщины** (395) Forskeytið **полу** (hálf) og nafnorðið **похабщина** (klámyrði) sem þýða má sem *hálf-klám*.
- ¹¹⁹не разалеться **тронуту**. (541) Sagnorðið **тронуть** (hrærður) fylgir beygingu 3. flokks sagna samkvæmt skilgreiningu Franke (10) og ætti því að beygjast: **трону** í 1.p. et. Myndin **тронуту** er hér notuð til þess að ríma við orðið **фронту** í línu 123.
- ¹²⁴Стихи стоят
свинцово-тяжело, (490) Samsett úr atviksorðum sem dregin eru af lýsingarorðum; **свинцовый** (úr blýi) **свинцово** og sett saman við ao. **тяжело** (þungt). Nýja samsetta orðið *blý-þungt*.
- ¹⁸⁸Мне наплевать
на бронзы **многопудье**, (297) Atviksorðið **много** (mikið) er hér forskeyti og nafnorðið **пуд** er rússnesk þyngdareining (16,3 kg.). Nýja orðið merkir *mikil-púda* eða mjög þungt.
- ²¹⁰ПОЭТ
ВЫЛИЗЫВАЛ
чахоткины плевки (572) Nafnorðið **чахотка** (berklar) fær hér endinguna **-ины** sem þýðir „sem

tilheyrir einhverjum“. Málfræðilega er hér um að ræða „eignar-lýsingarorð“ (rús. „притяжательное прилагательное“) sem sett eru saman við ókvik nafnorð, oft í listrænum stílbragðaleik. **Чахоткины плевки** er því *hráki berklanna*.

²¹⁶ЧУДОВИЩ

ископаемо-хвостатых.

(219)

Lýsingarorðið **ископаемый**

(steingerður) fær hér

nafnorðsmerkingu (steingervingur) þar sem endingu orðsins er breytt. Þessu er síðan skeytt saman við orðið

хвостатый (e-ð með hala) og úr

verður *steingervingur með hala*.

Mögulega forneðla.

7.2 Nýgervingar í „Fullum hálsi“, þýddar af Árna Bergmann

Þegar greint hefur verið hvar Majakovskí býr til ný orð í ljóðinu er áhugvert að skoða með hvaða hætti þessi nýju orð eru þýdd yfir á íslenska tungu. Hvert orð verður kannað í þeirri röð sem það birtist í ljóðinu og skoðað í samhengi við hendinguna þar sem það kemur fyrir.

Í fyrstu hendingu ljóðsins þar sem nýgerving kemur fyrir er það vegna þess að Majakovskí notar rím (aa bb). Til þess að rímið gangi upp breytir hann orðinu **вода** (vatn) í nýyrðið **водь** (lína 33) þannig að það rími við orðið **гладь** (spegilslétt, slétta, lygnt).

Þýðing Árna er efnislega samhljóða frumtextanum en engin tilraun er gerð til að láta hendinguna ríma. Nýyrðið **водь** er einfaldlega þýtt sem vatnið. Engin nýgerving kemur hér fyrir í þýðingunni.

дочка,

dóttirin

дача,

sumarhúsið

³³ **ВОДЬ**

³³ og vatnið

и гладь —

spjgilslétt –

Næst verður fyrir nýgerving í hendingu þar sem mikið er gert úr stafavíxli, stuðlum og rími. Hér eru stílbrögðin þau sömu og Halldór Laxness notar í ljóðinu „Únglingurinn í skóginum“, svo sem að framan er vitnað til með „spámána á Skáni og skámána á Spáni“ (13).

⁴⁰ кудреватые Митрейки,
мудреватые Кудрейки —

⁴⁰ síðhærðir Mítreikar
útsmognir Kúdreikar –

Þýðingar slíkra orðaleikja eru erfiðar og jafnvel ómögulegar. Líkt og í fyrra dæmi, er þýðing Árna efnislega samhljóða frumtextanum, án þess að reynt sé að brydda upp á nýgervingu eða skáldamáli til að leika eftir stílbrögð Majakovskís. Í enskum þýðingum hafa þeir Mítrekín og Kúdreko stundum verið staðfærðir til að auðvelda leikinn. Þannig þýða þeir Hayward og Reavey þessa hendingu sem „the curly Macks / the clever Jacks“ (223) til þess að rímið haldist. Tilvísunin til skáldanna tveggja tapast hins vegar við slíka þýðingu.

Enn bregður Majakovskí á leik með rím og í þetta sinn rímar Ab Ab. **карантина** (sóttkví) rímar þar á móti **тара-тина** og **стен** rímar við **т-эн-н**. Nú vandast hins vegar málið því hvorki *tara-tína* né *t-en-n* eru í raun orð. Til að flækja málið enn frekar kemur í ljós að seinni tvær línur hendingarinnar eru tilvísun í ljóðið „Цыганский вальс на гитаре“ eftir Ilja Selvinskí (Blake 313).

Нет на прорву карантина —
мандолиянт из-под стен:

⁴⁵ «Тара-тина, тара-тина,
т-эн-н...»

Engin sóttkví gegn þeim flaumi –
undir veggjum glamra mandólín:

⁴⁵ „Tara-tína, tara-tína,
te-en“

Nýgervingin kemur hins vegar fram í orðinu **мандолиянт** sem breytir nafnorðinu mandólín í sögnina „að mandólína“. Árni Bergmann kys að láta mandólínin heldur „glamra“ og engin nýgerving kemur fyrir í þýðingunni. Hann velur einnig að halda tilvitnuninni í ljóð Selvinskí óbreyttri, þvert á það sem þeir Hayward og Reavey gera í sinni þýðingu. Þeir „mandólína“ en breyta tilvitnuninni í seinni línunum tveimur, án þess þó að rímið gangi upp: „There’s no damming all this up-/ beneath the walls they mandoline:/

„Tara-tina, tara-tine,/ tw-a-n-g...“ (223). Lokaorðið í þýðingu Hayward og Reavey er líklega hljóðgerving sem líkja á eftir því þegar slegið er á mandólínstreng.

Þegar Majakovskí grípur næst til áður óþekktra orða er það ekki vegna ríms heldur til að hæðast að skáldjöfrinum Sergei Jesení (Blake 313). Því verða til orðin „Jeseníns-söngva“ og strax í kjölfarið „hetjusjáandi“. Árni brýtur hér upp ljóðlínur Majakovskí, færir orðið **провитязь** upp um línu en þýðir efnislega það sem fram kemur, án þess að beisla skáldafákinn til þeysireiðar um lendur nýrra orða.

⁸⁰ не так,	⁸⁰ ekki sem garpur
как песенно-есенный провитязь .	úr söngvum Jeseníns.

Þá verður næst fyrir nýgervingin **амурно-лировой**. Þar eru sett saman orðin Amor og lýra með þeim hætti að úr verður atviksorðið Amors-lýru.

не как стрела	en ekki sem ör
⁸⁹ в амурно-лировой охоте,	⁸⁹ í lýrískri veiðiferð Amors

Hér fellir Árni þessa hugmynd um veiðar með lýru Amors að hefðbundnu íslensku málfari, þar sem lýran sjálf hverfur en í staðinn kemur svið bókmenntanna, lýríkin. Við þýðinguna hefur ekki verið búið til nýtt orð á þeim stað sem slíkt er gert í rússneska textanum.

Majakovskí rennir næst saman forskeytinu **полу** (hálf) og nafnorðinu **похабщина** (klám/klúryrði) og útkoman er orð sem þýðir hálf-klúrt eða hálf-klám. Strax í kjölfarið kemur að sögninni **тронуть** sem þýðir „að snerta við“ eða „vera hrærður“. Sú sögn fylgir beygingu 3. flokks sagna samkvæmt skilgreiningu Franke (10) og fær því formið **трону** í 1.p. et. en hér notar Majakovskí тронуту til þess að ríma við orðið **фронту** sem stendur í línu 123.

¹¹⁸ с полупохабщины	¹¹⁸ roðna við háflklám
¹¹⁹ не разалеться тронуту .	¹¹⁹ bak við hárlökka.

[...]

¹²² я прохожу	¹²² og geng fram
по строчечному фронту ,	með fylkingu línanna

Árni Bergmann fer hér þá leið að þýða **полупохабщины** með því að setja forskeytið hálf-framan við nafnorðið klám, þannig að úr verður nýgervingin hálfklám. Hér má því segja að fútúrískum aðferðum við nýyrðasmíð sé beitt við þýðinguna. Hins vegar er **тронуту** þýtt með öðru orðasambandi sem lýtur ekki lögmálum rímsins.

Næst tekur skáldið atviksorð sem dregið er af lýsingarorði: **свинцовый** (úr blýi), **свинцово** og skeytir því framan við orðið **тяжело** (þungur) og útkoman verður *blýþungur*.

Стихи стоят

Þar standa ljóðin

¹²⁵ **свинцово-тяжело,**

¹²⁵ þung sem blý

Árni velur að slíta orðið blýþungur í tvennt þannig að ljóðin standi þung sem blý. Þar er því ekki um nýgervingu að ræða.

Röðin er nú komin að rússneskum þyngdareiningum. Eitt þúd mun vera um það bil 16,3 kílógrömm. Majakovskí setur saman orðin **много** (mikið) og **пудье** (þúd – 16,3 kílógrömm), þannig að úr verður nýgervingin „mikilþúda“ sem gefur til kynna mikla þyngd.

¹⁸⁸ Мне наплевать

¹⁸⁸ Ég hræki á

на бронзы **многопудье,**

öll þessi flykki úr bronsi

Þessu snýr Árni á íslensku með því að nota orðið *flykki*. Þar er því ekki um að ræða notkun nýgervingar við þýðinguna.

Því næst beitir Majakovskí nýgervingum til að persónugera berkla. Hann breytir orðinu **чахотка** sem þýðir berklar með viðskeytinu **-ины** og breytir nafnorðinu þannig í „eignar lýsingarorð“ (rús. „притяжательное прилагательное“). Hér eru berklarnir því persónuferðir og hrákinn verður „hrákar berklanna“.

²¹⁰ ПОЭТ

²¹⁰ sleikti

ВЫЛИЗЫВАЛ

skáldið

ЧАХОТКИНЫ ПЛЕВКИ

upp berklahráka

Í þýðingunni velur Árni Bergmann þá aðferð að leiða eiginleika sjúkdómsins saman við hrákann (**плевки**) þannig að til verður nýgervingin berklahráki fremur en „hrákar berklanna“. Má því segja að hér sé beitt fútúrískum aðferðum við nýyrðasmíð í þýðingunni.

Að lokum nefnir Valavín eftirfarandi dæmi um nýgervingar Majakovskís í ljóðinu „Fullum hálsi“. Nafnorðinu **ископаемый** (*steingervingur*) er hnýtt saman við lýsingarorðið **хвостатый** (*með hala*) þannig að úr verður *steingervingur með hala*.

чудовищ

líkist ég meir

²¹⁷ **ископаемо-хвостатых.**

²¹⁷ rófumiklum fornskrýmslum.

Árni Bergmann þýðir nýgervingu þessa með því að vísa til fornskrýmsla með mikla rófur. Þar er valin önnur leið en til dæmis í þýðingu Hayward og Reavey, þar sem notað er orðið *dinosaur* eða „risaeðla“. Þó er ekki hægt að segja að um nýgervingu að ræða hjá Árna.

Niðurstaðan er því sú að í tvígang beitir þýðandinn nýgervingum við þýðinguna þar sem einnig er um nýgervingu að ræða í frumtextanum. Hér er um að ræða þýðingu „hálfkláms“ (**полупохабщины**) annars vegar og „berklahráka“ (**чахоткины плевки**) hins vegar. Að öðru leyti virðist þýðingin hafa verið gerð með það fyrir augum að koma merkingu orðanna til skila án þess að grípa til nýyrðasmíði í hvert sinn sem Majakovskí beitir nýgervingum. Þó eru koma ýmsar nýgervingar fram í íslensku þýðingunni. Þar má nefna „slímhált“ (437) og „árahallinn“ (438). Þýðandinn er einnig nokkuð trúr nýstárlegum og ögrandi myndum í frumtexta. Til dæmis má nefna hvernig ljóðunum er stillt upp sem „blaðsíðnahe“ (435) og „flotholt orðabóka“ (437). Markmið þýðingarinnar virðist fremur hafa verið að miðla boðskap verksins, byltingarandanum og reyna að draga fram þær óvæntu tengingar og myndgervingar sem Majakovskí bjó til. Telja má að það markmið hafi náðst þrátt fyrir frávik frá formi rússneska textans hvað varðar rím, hrynjandi og nýyrðasmíð.

7.3 Nýgervingar í „Nokkur orð um konuna mína“ og „150 000 000“ á frummálinu

Hér að neðan er yfirlit yfir öll nýyrði sem samkvæmt bók Valavín koma fyrir í ljóðinu „Nokkur orð um konuna mína“ og broti af ljóðinu „150 000 000“ ásamt skýringum. Þessi orð eru einkennd með feitletrun. Þess er getið hvernig orðin eru mynduð, þ.e. úr hvaða orðstofnum, forskeytum, viðskeytum o.s.frv. Einnig er rakið hver ætla megi að tilgangurinn með smíði einstakra orða hafi verið. Tölur sem hér eru settar í sviga vísa til blaðsíðutals í bók Valavín, þar sem orðin eru upp talin og skýrð. Tölur í smáu, hækkuðu letri fyrir framan hendingarnar eru raðnúmer á línunum ljóðsins, eins og það kemur fyrir í Viðauka 2, þar sem rússnesku og íslensku útgáfu ljóðsins er stillt upp öndvert hvorri annarri

„Nokkur orð um konuna mína“

⁸крикливо тянется толпа созвездий (373)
пестрополосая.

Samsett úr lo. **пёстрый** (marglitur) og no. **полоса** (strimill eða renningur). Mætti þýða sem „marglitastrimill“.

Brot úr „150 000 000“

¹³⁹Скоре-е-е-е-е-е-е!

Скорейскорей! (498)

Hér er lo. **скорее** (fyrr eða hraðar) sett saman í tvígang. Bein þýðing er því „hraðarhraðar“.

7.4 Nýgervingar í „Nokkur orð um konuna mína“ og „150 000 000“ þýddar af Geir Kristjánssyni

Hafður verður sami háttur á og í greiningu nýyrða og orðasmíða í ljóðinu „Fullum hálsi“. Hvert orð verður kannað í þeirri röð sem það birtist í ljóðinu og skoðað í samhengi við hendinguna þar sem það kemur fyrir.

Í ljóðinu „Nokkur orð um konuna mína“ notast Majakovskí aðeins við nýyrði einu sinni, samkvæmt upptalningu Valavín. Það gerir hann í áttundu línu ljóðsins þar sem hann býr til orðið „marglitastrimill“.

⁸крикливо тянется толпа созвездий. (373)
пестрополосая .

flýgur marglitur skari æpandi
stjörnumerkja.

Geir Kristjánsson kýs að þýða þetta með orðasambandinu „marglitur skari“ frekar en að reyna nýyrðasmíð.

Í brotinu úr ljóðinu „150 000 000“ kemur nýgerving aðeins einu sinni fyrir samkvæmt upptalningu Valavín. Það verður að teljast merkilegt í ljósi þess að ritháttur nokkurra orða í þessum hluta gefur tilefni til að ætla að þau orð hafi ekki verið lengi í málinu. Því má velta því fyrir sér hvort breyttur ritháttur teljist nýyrðasmíð fremur en nýgerving. Þessir rithættir bera í öllu falli ýmis merki þess að hljómur þeirra og taktur sé ekki síður mikilvægur í huga skáldsins en merking orðanna.

¹³⁹Скоре-е-е-е-е-е-е!

Скорейскорей! (498)

Ha-a-a-a-a-a-ardara!

Hraðarhraðar!

Hér er orðið **Скоре-е-е-е-е-е-е** ekki talið til nýyrða hjá Valavín. Hins vegar er **скорейскорей** nefnt til sögu sem slíkt. Geir þýðir þetta nýyrði beint og til verður nýgervingin „hraðarhraðar“ sem uppfyllir bæði kröfur um nákvæmni hvað merkingu varðar og atkvæðafjölda. Hrynjandi helst hins vegar ekki þar sem rússneska orðið byggir á rísandi tvíliðum ólíkt því íslenska. Sú staðreynd gerir það að verkum að uppbygging þessa kafla (og annarra), varðandi hrynjandi sem byggir á hexametrum, kemst ekki til skila.

Athygli vekur að í „150 000 000“ teljast orðin **Иде-е-е-е-м** og **И-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и-и** ásamt **Скоре-е-е-е-е-е-е-е** ekki til nýgervinga samkvæmt bók Valavín. Geir hefur þó tekið þann kost að þýða þau með nýyrðunum „Gau-au-aungum“, „Göngumgöngumgöngum“ og „Ha-a-a-a-a-arðara“. Hér stígur þýðandinn því skrefið til fulls og skapar sjálfstætt listaverk eftir lögmálum fútúrisms.

Hið sama er uppi á teningnum í þýðingu Geirs á ljóðinu „Nokkur orð um konuna mína“. Þar koma fyrir orð og orðasambönd í rússneska textanum sem ekki teljast til nýyrða samkvæmt Valavín en Geir kys að þýða með nýjum og óvæntum hætti. Línur 13 og 14 eru gott dæmi:

¹³Несло же, палимому, бровей коромысло
из глаз колодцев студеныя ведра.

Bálheitum hefur mér vatnsberinn brúna fært
svalkaldar fötur úr augnabrunnum.

Hér koma í einni svipan nýgervingarnar „bálheitur“, „svalkaldar“ og „augnabrunnar“. Aftur er því farin sú leið að nota hugmyndafræði fútúrisms til að skapa sjálfstætt listaverk með þýðingunni.

8. Niðurstaða

Framúrstefnan hafði lítil áhrif á Íslandi í upphafi síðustu aldar. Hér á landi héldu skáldin sig við hefðbundna bragarhætti og stílbrögð þó efni skáldskaparins hafi dregið dóm af breytingum í þjóðskipulagi og atvinnuháttum. Þau fimm einkenni sem mörkuðu sérstöðu fútúristanna eru vart greinanleg hjá íslenskum ljóðskáldum á þeim tíma sem hópar fútúrista voru ráðandi afl í listum í Rússlandi. Hér var engin hópamyndun, útgáfa var í lágmarki, mikil ást var enn á fornri menningu landsins, yrkisefnin voru ekki nærri eins róttæk og utan landsteinanna og takmarkaðar tilraunir voru gerðar til nýyrðasmíða, hvað þá yfirskilvitlegs

máls. Það var ekki fyrr en í kjölfar nýframúrstefnunnar um miðja öldina sem áhugi vaknaði á hinu nýja formi ljóðlistar og þeim stílbrögðum sem hún hafði upp á að bjóða. Þýðingar hófust á verkum erlendra framúrstefnuskálda, þar með talið ljóðum rússneska fútúristans Vladímír Majakovskí.

Þær þýðingar á ljóðum Majakovskís sem hér hafa verið skoðaðar virðast ekki uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að geta talist fræðilegar í skilningi Nabokovs og þeirra fræðimanna sem Ástráður Eysteinnsson vitnar til. Hvorki er þýtt línu fyrir línu og orð fyrir orð né heldur eru gefnar skýringar á einstökum vafaatriðum í þýðingu. Þá er ekki heldur valin sú leið að reyna að halda í rím og hrynjandi. Loks er vikið frá þeirri útbreiddu aðferð, sem ráðandi hefur verið í ljóðapýðingum á Íslandi, að nota forna íslenska bragarhætti við þýðinguna.

Því má álykta að í þessum þýðingum séu fremur sköpuð ný listaverk, byggð á grunni hinna erlendu fyrirmynda. Efnislega er stuðst við upprunalega kveðskapinn en ytri umgjörð og stílbrögð eru aðeins höfð til hliðsjónar. Þannig virðist til að mynda ekki gerð tilraun til að viðhalda rími frumtextans, jafnvel þó höfundurinn hafi litið á slík stílbrögð sem eitt aðaleinkenni höfundarverks síns.

Nýyrði, eru í sumum tilfellum þýdd með samsvarandi nýyrðasköpun á íslenska tungu. Í öðrum tilfellum er farin sú leið að nota hefðbundin orðasambönd til að þýða rússnesku nýyrðin á íslenska tungu. Engin regla er augljós varðandi hvor leiðin er valin í hvert skipti. Til að mynda virðast nýgervingar ekki vera notaðar til að fullkomna rím í ljóðunum. Nýyrðasmíð virðist því eingöngu byggja á skáldaleyfi þýðandans og margar áhugaverðar nýgervingar koma fram í þýðingunum þegar ekki er um slíkt að ræða á frummálinu. Þýðendurnir virðast því ekki hika við að nýta möguleika íslenskunnar til að koma hughrifum hinna erlendu verka til skila. Það er mjög í takt við yfirlýsingar fútúristanna um frelsi tungumálsins og listamannanna.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Árni Bergmann. „Vladímír Majakovskí“. *Tímarit Máls og menningar* 1960 (4), 312-336. Prent.
- Árni Bergmann og Benedikt Hjartarson. „Inngangur“. *Yfirlýsingar*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2001, 173-181. Prent.
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan 1996. Prent.
- Валавин, В. Н. *Словотворчество Маяковского: Опыт словаря окказионализмов*. Moskva: Издательский центр <<Азбуковник>> 2010. Prent.
- Benedikt Hjartarson. „Af goðkynngi orðsins“. *Ritið* 2012 (2), 101-133. Prent.
- . „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapaði, vitum og sjáendum“. *Ritið* 2006 (1), 79-119. Prent.
- . „Inngangur“. *Yfirlýsingar*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2001, 9-59. Prent.
- Bethea, David og Siggy Frank. „Exile and Russian literature“. *The Cambridge Companion to Twentieth-Century Russian Literature*. Ritstj. Evgeny Dobrenko og Marina Balina. Cambridge: Cambridge University Press 2009, 195-213. Prent.
- Blake, Patricia. Introduction. *The Two Deaths of Vladimir Mayakovsky. The Bedbug and Selected Poetry*. Þýð. Max Hayward og George Reavey. London: Weidenfeld and Nicholson 1961, 9-50. Prent.
- Búrljúk, Davíð, et al. „Almennum smekk gefið á kjaftinn“. *Yfirlýsingar*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason. Þýð. Benedikt Hjartarson og Árni Bergmann. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2001, 183-84. Prent.

- . „Úr *Dómaragildrunni*“. *Yfirlýsingar*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason. Þýð. Benedikt Hjartarson og Árni Bergmann. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2001, 184-86. Prent.
- Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðagerð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1980. Prent.
- Franke, Jack. *The Big Silver Book of Russian Verbs*. 2. útg. New York: McGraw Hill 2012. Prent.
- Gasparov, Boris. „Poetry of the Silver Age“. *The Cambridge Companion to Twentieth-Century Russian Literature*. Ritstj. Evgeny Dobrenko og Marina Balina. Cambridge: Cambridge University Press 2009, 1-20. Prent.
- Gombrich, E.H. *Saga listarinnar*. Reykjavík: Mál & menning 1997. Prent.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick. „„Af borgarans kolli gustur hrífur hatt““. *Ritið* 2006 (1), 3-7. Prent.
- Halldór Laxness. *Kvæðakver*. 3. útg. Reykjavík: Helgafell 1956. Prent.
- . *Atómstöðin*. 2. útg. Reykjavík: Helgafell 1961. Prent.
- Kahn, Andrew. „Poetry of the Revolution“. *The Cambridge Companion to Twentieth-Century Russian Literature*. Ritstj. Evgeny Dobrenko og Marina Balina. Cambridge: Cambridge University Press 2009, 41-58. Prent.
- Kristinn E. Andrésson. *Íslenskar nútímabókmenntir 1918-1948*. Reykjavík: Mál og menning 1949. Prent.
- Lunacharsky, Anatoly. „On Mayakovsky“. *Vladimir Mayakovsky: Innovator*. Þýð. Alex Miller. Moskva: Progress Publishers 1976, 217-228. Prent.
- Marinetti, Filippo Tommaso. „Stofnun og stefnuyfirlýsing fútúrismans“. *Yfirlýsingar*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason. Þýð. Áki G. Karlsson og Benedikt Hjartarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2001, 97-106. Prent.

- Marko, Vladimir. *Russian Futurism: A History*. Berkeley: University of California Press 1968. Prent.
- Mayakovsky, Vladimir. „150 000 000“. Þýð. Geir Kristjánsson. Í: Geir Kristjánsson. *Sögur leikrit ljóð: frumsamin verk og þýðingar*. Ritstj. Þorgeir Þorgeirsson. Reykjavík: Mál og menning 2001, 185. Prent.
- . „A Drop of Tar.“ *The Ardis Anthology of Russian Futurism*. Ritstj. Ellendea Proffer og Carl R. Proffer. Þýð. Helen Segall. Ann Arbor: Ardis 1980, 190-191. Prent.
- . „A few words about my wife“. *The Bedbug and Selected Poetry*. Ritstj. Patricia Blake. Þýð. Max Hayward og George Reavey. London: Weidenfeld and Nicholson 1961, 52. Prent.
- . „Во весь голос“. *The Bedbug and Selected Poetry*. Ritstj. Patricia Blake. Þýð. Max Hayward og George Reavey. London: Weidenfeld and Nicholson 1961, 220-234. Prent.
- . „Einnig við viljum kjöt“. *Yfirlýsingar*. Ritstj. Vilhjálmur Árnason. Þýð. Benedikt Hjartarson og Árni Bergmann. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2001, 207-210. Prent.
- . „Fullum hálsi“. Þýð. Árni Bergmann. *Tímarit máls og menningar* 1987 (4), 431-439. Prent.
- . „Nokkur orð um konu mína“. Þýð. Geir Kristjánsson. Í: Geir Kristjánsson. *Sögur leikrit ljóð: frumsamin verk og þýðingar*. Ritstj. Þorgeir Þorgeirsson. Reykjavík: Mál og menning 2001, 148. Prent.
- Moser, Charles A. „Mayakovsky’s Unsentimental Journeys“. *American Slavic and East European Review* 1960 (1), 85-100. Prent.
- Nabokov, Vladimir. *Lectures on Russian Literature*. Ritstj. Fredson Bowers. Orlando: Harcourt Inc. 1981. Prent.

- . *Verses and Versions. Three Centuries of Russian Poetry*. Ritstj. Bryan Boyd & Stanislav Shvabrin. Orlando: Harcourt 2008. Prent.
- Óskar Halldórsson. *Bragur og ljóðstíll*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1977. Prent.
- Proffer, Carl R. og Ellendea Proffer. *The Ardis Anthology of Russian Futurism*. Þýð. Gary Kern. Ann Arbor: Ardis 1980. Prent.
- Shklovsky, Viktor. „The Resurrection of the Word (1914)“. *Russian Formalism. A collection of articles and texts in translation*. Ritsj. Stephen Bann og John E. Bowl. Edinburgh: Scottish Academic Press 1973, 41-7. Prent.
- Snorri Hjartarson. Formáli. *Ljóð frá ýmsum löndum*. Ritstj. Magnús Ásgeirsson. Reykjavík: Mál og menning 1946, V-XXVII. Prent.
- Terras, Victor. *Handbook of Russian Literature*. New Haven: Yale University Press 1985. Prent.
- Thompson, John M. *Russia and the Soviet Union. An Historical Introduction from the Kievan Statet to the Present. Sixth Edition*. Boulder: Westview Press 2009. Prent.
- Van der Berg, Hubert. „Jón Stefánsson og Finnur Jónsson: Frá Íslandi til evrópsku framúrstefnunnar og aftur til baka. Framlag til kortlagningar á evrópsku framúrstefnunni á fyrri helmingi tuttugustu aldar“. Þýð. Guðrún Jóhannsdóttir. *Ritið* 2006 (1), 51-77. Prent.
- Vésteinn Ólason. *Bókmenntafræði handa framhaldsskólum*. Reykjavík: Mál og menning 1985. Prent.
- Þorsteinn Þorsteinsson. „Flóðið nálgast hratt“. *Ritið* 2006 (1), 9-14. Prent.

Vefheimildir

- Aizlewood, Robin. „How Majakovskij's Ivan Is Made: Measure in 150000000“. *Russian Literature XLVII*. 2000. Net. 25.feb.2015.
<<http://www.sciencedirect.com/science/journal/03043479/47/2>>
- Bowl, John E. „The 'Blue Rose' movement and Russian symbolist painting“. *Research@St. Andrews*. St. Andrews University. 15. sep. 1972. Net. 15. mar. 2015
<<http://hdl.handle.net/10023/3703>>.
- Majakovski, Vladimír. „150 000 000“. *Фундаментальная электронная библиотека "Русская литература и фольклор" (ФЭБ)*. Net. 02. maí 2015.
<http://feb-web.ru/feb/mayakovsky/texts/ms0/ms2/ms2-113-.htm>
- Strovsky, Dmitry & Greg Simons. „The Bolsheviks' Policy towards the Press in Russia: 1917-1920“. *Working Papers No. 109*. Uppsala University Department of Eurasian Studies. January 2007. Net. 01.apr. 2015.
<https://www.academia.edu/222355/The_Bolsheviks_Policy_Towards_the_Press_in_Russia_1917-1920>
- Хлебников, В. og Крученых А.. „Слово как таковое“. *Литературные манифесты от символизма до наших дней*. Futurism.ru Энциклопедия футуризма. Moskva. 2000. Net. 09.maí 2015. <<http://www.futurism.ru/a-z/manifest/slovo.htm>>

Viðauki 1.

Hér er birtur, á frummálinu, texti ljóðsins „Fullum hálsi“ í íslenskri þýðingu Árna Bergmann sem birtist í 4. tölublaði *Tímarits máls og menningar* árið 1987, bls. 431-439. Rússneski textinn er fenginn úr safnritinu *The Bedbug and Selected Poetry* (221-235) sem Patricia Blake ritstýrði. Feitletruð eru þau orð sem V.H. Valavín tiltekur í yfirlitsriti sínu *Словотворчество Маяковского: Опыт словаря окказионализмов* að teljist til nýyrða. Fyrir aftan þau orð eru blaðsíðunúmer sem vísa til staðsetningar nýyrðanna í bók Valavíns. Hér er farin sú leið að láta ljóðlínur upprunalega textans og þýðingarinnar standast á þegar hægt er. Í þýðingunni hefur ljóðlínur í nokkrum tilfellum annað hvort verið aukið við (tvisvar sinnum) eða þær felldar brott (fimm sinnum). Þá er algengt að línur sé víxlað (25 sinnum). Því var sú leið farin að láta rússneska textann stjórna númerasetningunni.

Во весь голос	Fullum hálsi
Первое вступление в поэму	
1 Уважаемые	1 Heiðruðu
товарищи потомки!	félagar afkomendur!
Роясь	Þegar þið rótið
в сегодняшнем	í steinrunnum skít
5 окаменевшем говне,	5 minna daga
наших дней изучая потёмки,	og rýnið í þeirra rökkurstundir
вы,	má vera
возможно,	þið spyrjið
спросите и обо мне.	einnig um mig.
10 И, возможно, скажет	10 Og kannski segir
ваш учёный,	ykkar fræðapulur
кря эрудицией	og breiðir fróðleik sinn
вопросов рой,	yfir flugnager spurninga

	что жил-де такой		að þá var víst uppi þetta
15	певец кипячёной		gerilsneydda skáld
	И ярый враг воды сырой.		og svarinn óvinur ósoðins vatns.
	Профессор, снимите очки-велосипед!		Prófessor, takið ofan gleraughnjólin!
	Я сам расскажу		Sjálfur skal ég segja
20	о времени и о себе.	20	frá tímanum og mér.
	Я, ассенизатор и водовоз,		Ég, kamarhreinsari og vatnsberi
	революцией		sem byltingin kvaddi til verka
25	мобилизованный и призванный,	25	
	ушёл на фронт из барских садоводств		hélt á vígvöllinn frá fínum görðum
	поэзии — бабы капризной.		skáldskapardömunnar duttlungafullu.
30	Засадил садик мило,	30	Sáð hef ég í sætan garð
	дочка, дача, ВОДЬ и гладь —	(99)	dóttirin sumarhúsið og vatnið spegilslétt —
35	сама садик я садила,	35	sjálf ég setti blómin niður

сама буду поливать.		sjálf ég ætla að vökva þau.
Кто стихами льёт из лейки,		Sumir hella kvæðum úr könnu
кто кропит,		sumir frussa
набравши в рот —		þeim úr munni
40 кудреватые Митрейки,		40 síðhærðir Mítreikar
мудреватые Кудрейки —	(304)	útsmognir Kúdreikar –
кто их к чёрту разберет!		fjandinn má vita hver er hvað!
Нет на прорву карантина —		Engin sóttkví gegn þeim flaumi –
мандолият из-под стен:	(280)	undir veggjum glamra mandólín:
45 «Тара-тина, тара-тина,		45 „Tara-tína, tara-tína,
т-эн-н...»		te-en“
Неважная честь,		Lítill sómi
чтоб из этаких роз		ef upp úr þeim rósum
мои изваяния высились		rísa höggmyndir mínar
50 по скверам,		50 á garðshorni
где харкает туберкулёз,		þar sem berklarnir hrækja
где блядь с хулиганом		á mellur og bófa
да сифилис.		með sýfilis.
И мне		Einnig mig
55 агитпроп		55 velgir nú orðið
в зубах навяз,		við áróðri

	и мне бы строчить романсы на вас —		vel gæti ég rímað um ykkur rómansa
60	доходней оно и прелестней.	60	það skilar meiri arði og unaði.
	Но я себя смирля, 65 становясь		En ég tók mér tak og greip 65
	на горло собственной песне.		um kverkarnar á eigin söng.
	Слушайте, товарищи потомки,		Hlustið nú, félagar afkomendur
70	агитатора, горлана-главаря.	70	á áróðurshöfðingjann kjaftfora.
	Заглуша поэзии потоки,		Ég yfirgnæfi skáldskaparflauminn
	я шагну 75 через лирические томики,		og þramma 75 gegnum ljóðakverin
	как живой с живыми говоря.		til að tala sem lifandi við lifendur.
	Я к вам приду в коммунистическое далекó		Ég kem till ykkar í kommúnískan fjarska

<p>80 не так, как песенно-есененный провитязь.</p>	<p>(373) (418)</p>	<p>80 ekki sem garpur úr söngvum Jeseníns.</p>
<p>Мой стих дойдёт через хребты веков</p> <p>и через головы</p> <p>85 поэтов и правительств.</p>		<p>Ljóð mitt kemst yfir fjallshryggi aldanna</p> <p>og yfir haugana af</p> <p>85 skáldum og stjórnnum.</p>
<p>Мой стих дойдёт, но он дойдёт не так, —</p> <p>не как стрела</p> <p>в амурно-лировой охоте,</p>	<p>(50/276)</p>	<p>Ljóð mitt kemst alla leið</p> <p>en ekki sem ör</p> <p>í lýrískri veiðiferð Amors</p>
<p>90 не как доходит к нумизмату стёршийся пятак</p> <p>и не как свет умерших звёзд доходит.</p>		<p>90 ekki eins og máður peningur finnur sinn myntsafnara</p> <p>og ekki eins og ljós dauðrar stjörnu.</p>
<p>Мой стих трудом</p> <p>95 громаду лет прорвёт</p>		<p>Ljóð mitt mun ryðja sér braut</p> <p>95 gegnum áranna farg</p>
<p>и явится весомо, грубо, зримо,</p>		<p>og birtast þungt gróft og sýnilegt</p>
<p>100 как в наши дни вошёл водопровод,</p>		<p>100 Eins og vatnsleiðsla gekk inn í okkar daga</p>

	сработанный ещё рабами Рима.		sem þrælar Rómar reistu á sínum tíma.
	В курганах книг, 105 похоронивших стих,		Í bókahaugum 105 þar sem ljóðið liggur grafið
	железки строк случайно обнаруживая,		rekist þið á járnharðar línur
	вы с уважением ощупывайте их,		og þið munuð þukla þær með virðingu
110	как старое, но грозное оружие.	110	eins og gamalt en ógnvænlegt vopn
	Я ухо словом 115 не привык ласкать;	115	Ég er ekki vanur að hvísla ljúf orð í eyra
	ушку девическому в завиточках волоска		en læt ekki meyjareyra
	с полупохабщины не разалеться трону ту.	(541)	roðna við hálfklám bak við hárlökka.
120	Парадом развернув моих страниц войска,	120	Blaðsíðna her mínum raða ég upp
	я прохожу по строчечному фронту,		og geng fram með fylkingu línanna
	Стихи стоят		Þar standa ljóðin

125	свинцово-тяжело,	(490)	125 þung sem blý
	готовые и к смерти и к бессмертной славе.		viðbúin jafnt dauða sem ódauðlegri frægð
	Поэмы замерли, к жерлу прижав жерло		Kvæðin standa teinrétt með hlaup við hlaup
130	нацеленных зияющих заглавий.		130 markvissra gapandi fyrirsagna
	Оружия любимейшего род,		Ein hersveit búin mínu eftirlætis-vopni
135	готовая рвануться в гике,		135 er albúin að þeysa af stað með hrópum:
	застыла кавалерия острот,		riddaralið orðheppninnar
	поднявши рифм		með flugbeittar lensur
140	отточенные пики.		140 rímsins á lofti.
	И все поверх зубов вооружённые войска,		Og allt þetta lið með alvæpni
	что двадцать лет в победах пролетали,		sem þeysti hjá sigursælt í tuttugu ár
145	до самого последнего листка		145 gef ég þér
	я отдаю тебе,		öreigi hnattarins

	планеты пролетарий.		allt til síðustu arkar.
	Рабочего		Óvinur hinnar miklu
150	громады класса враг —	150	verkalýðsstéttar
	он враг и мой,		er og svarinn og gamall
	отъявленный и давний.		óvinur minn.
	Велели нам		Okkur var skipað
	идти		undir rauðan fána
155	под красный флаг	155	
	года труда		á árum þrældóms
	и дни недоеданий.		á dögum skorts.
	Мы открывали		Við opnuðum
	Маркса		hvert bindi
160	каждый том,	160	verka Marx
	как в доме		eins og við sláum upp
	собственном		gluggahlerum
	мы открываем ставни,		í eigin húsi
	но и без чтения		en án þess að lesa
165	мы разбирались в том,	165	vissum við vel
	в каком идти,		í hvaða fylkingu
	в каком сражаться стане.		bar að ganga og berjast.
	Мы		Við lærðum ekki
	диалектику		díalektík
170	учили не по Гегелю.	170	af Hegel.

Бряцанием боёв она врывалась в стих,		Hún ruddist inn í ljóðið með vopnanna gný
когда под пулями		þegar burgeisarnir flúðu okkur
¹⁷⁵ от нас буржуи бегали,		¹⁷⁵ í kúlnahríð
как мы когда-то бегали от них.		eins og við höfðum áður flúið undan þeim.
Пускай		Megi frægðin
¹⁸⁰ за гениями безутешною вдовой		¹⁸⁰ fylgja snillingum til grafar
плетётся слава в похоронном марше —		með sorgarmarsi eins og óhuggandi ekkja —
умри, мой стих, ¹⁸⁵ умри, как рядовой,		en þú skalt deyja, ljóð mitt, ¹⁸⁵ eins og óbreyttur dáti
как безымянные на штурмах мёрли наши!		eins og nafnlausir bræður okkar féllu í áhlaupum!
Мне наплевать на бронзы многопудье ,	(297)	Ég hræki á öll þessi flykki úr bronsi
¹⁹⁰ мне наплевать на мраморную слизь.		¹⁹⁰ ég skyrpi á slímhálan marmara.
Сочтёмся славою — ведь мы свои же люди, —		Við gerum svo upp frægðardæmin — hvað eru þau milli vina

	пускай нам		eigum heldur saman
195	общим памятником будет	195	einn minnisvarða
	построенный		í sósíalísmannum
	в боях		fæddum
	социализм.		í bardögum.
	Потомки,		Afkomendur:
200	словарей проверьте поправки:	200	prófið flotholt orðabóka:
	из Леты		upp úr Ómínnisfljótinu
	выплывут		synda
	остатки слов таких,		leifar af orðum
	как «проституция»,		eins og „vændi“
205	«туберкулёз»,	205	„berklar“
	«блокада».		„hafnbann“
	Для вас,		Í þágu ykkar
	которые		sem eruð
	здоровы и ловки,		hraust og hress
210	ПОЭТ	210	sleikti
	вылизывал		skáldið
	ЧАХОТКИНЫ плевки	(572)	upp berklahráka
	шершавым языком плаката.		með hrjúfri tungu plakatsins.
	С хвостом годов		Eftir því
215	я становлюсь подобием	215	sem árahalinn lengist
	чудовищ		líkist ég meir

ископаемо-хвостатых.

(219)

rófumiklum fornskrýmslum.

Товарищ жизнь,
давай быстрее протопаем,

Félagi líf,
þrömmum nú
sem skjótast

220 протопаем
по пятилетке
дней остаток.

220 þrömmum
eftir fimm ára áætlun
þá daga sem ég á eftir .

Мне
и рубля
225 не накопили строчки,

Mér græddust
ekki rúblur
225 á ljóðlínnum

краснодеревщики
не слали мебель на дом.

enginn sendi
mér rauðviðarmublur heim.

И кроме
свежевымытой сорочки,
230 скажу по совести,
мне ничего не надо.

Og ég segi satt
ég þarf ekki neitt
230 nema nýþvegna skyrtu.

Явившись
в Це Ка Ка
идущих
235 светлых лет,

Ég mæti hjá
Miðstjórn
bjartra
235 komandi tíma

над бандой
поэтических
рвачей и выжиг

og yfir gengi
gráðugra
og sérgóðra skáldlinga

я подыму,
240 как большевистский партбилет,

veifa ég
240 sem flokkskírteini bolsévika

все сто томов

моих

²⁴³ партийных книжек.

декабрь 1929 — январь 1930

öllum hundrað bindum

minna

²⁴³ flokkshollu bóka.

(des. 1929, jan. 1930)

Viðauki 2.

Hér er birtur, á frummálinu, texti ljóðsins „Nokkur orð um konuna mína“ og brot úr ljóðinu „150 000 000“ og íslenskar þýðingar Geirs Kristjánssonar sem birtust í bókinni *Sögur leikrit ljóð: frumsamin verk og þýðingar* sem út kom hjá Máli og menningu árið 2001, bls. 148 og 185. Rússneski textinn að „Nokkur orð um konuna mína“ er fenginn úr safnritinu *The Bedbug and Selected Poetry* (52) sem Patricia Blake ritstýrði. Rússneski textinn að „150 000 000“ er fenginn af vef rússnesku vefveitunnar Фундаментальная электронная библиотека "Русская литература и фольклор" (ФЭБ). Feitletruð eru þau orð sem V.H. Valavín tiltekur í yfirlitsriti sínu *Словотворчество Маяковского: Опыт словаря окказионализмов* að teljist til nýyrða. Fyrir aftan þau orð eru blaðsíðunúmer sem vísa til staðsetningar nýyrðanna í bók Valavíns. Líkt og að framan er hér farin sú leið að láta ljóðlínur upprunalega textans og þýðingarinnar standast á þegar hægt er.

1 Несколько слов о моей жене

Морей неведомых далеких пляжем
идет луна-
жена моя.

5 Моя любовница рыжеволосая.

За экипажем
крикливо тянется толпа созвездий
пестрополося. (373)

Венчается автомобильным гаражем,
целуется газетным киосками,

10 а шлейфа млечный путь моргающим пажем
украшен мишурными блестками.

А я?

Несло же, палимому, бровей коромысло
из глаз колодцев студеные ведра.

В шелках озерных ты висла,

15 янтарной скрипкой пели бедра?

В края, где злоба крыш,

1 Nokkur orð um konuna mína

Fjarlægur strandlengjur óþekktu hafa
ekur tunglið –
konan mín.

5 Ástin mín er rauðhærð.

Á eftir vagninum

flýgur marglitur skari æpandi stjörnumerkja.

Hún giftist bílskúr,
kyssir blaðsöluturna

10 meðan blikkandi þjónustusveinn
hleður vetrarbraut kjólslóðans glysi.

Og ég?

Bálheitum hefur mér vatnsberinn brúna fært
svalkaldar fötur úr augnabrunnum.

Hékkst þú í vatnanna silki,

15 söng þér í lendum fiðla úr rafi?

Þú kastar ei neinni veiðiflugu

